# VR blaðið

4. tbl. 23. árg. – júní 2001 – Upplag: 20.000

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

## FRÍDAGUR

Á frídegi verslunarmanna, sem að þessu sinni ber upp á 6. ágúst, mun VR eins og undanfarin nokkur ár standa fyrir fjölskylduhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardalnum. Fyrirkomulag verður allt á svipuðum nótum og verið hefur, margt til skemmtunar og frítt inn í garðinn fyrir VR félagsmenn og gesti, svo og aðra þá sem hafa hug á að bregða sér í garðinn á hátíðisdegi verslunarmanna.





## BESTIR!

Komið var saman í húsakynnum VR þann 23. maí þegar tilkynnt var um fyrirtæki ársins 2001 og viðurkenningar veittar. Hér er forsvarsfólk fyrirtækjanna með viðurkenningar ásamt Magnúsi L. Sveinssyni, formanni VR.



## ÚTHLUTUN

Lokið er úthlutun orlofshúsa og tjaldvagna fyrir háorlofstímabilið 2001 og auðvitað fengu ekki allir það sem þeir vildu. Nokkrar tjaldvagnavikur og fáeinar helgar á síðsumri voru þó eftir þegar síðast fréttist. Einnig er bent á það hér í blaðinu, að skemmtilegt getur verið að skreppa um helgi í notalegt orlofshús í september eða október. Þeir fá sem fyrstir panta. Góð hugmynd, ekki satt?

## FYRIRTÆKI ÁRSINS

# VIÐURKENNING FYRIR BESTU STARFSKJÖRIN

2

VR blaðið

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Magnús L. Sveinsson

**Ritstjóri:** Steinunn Böðvarsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Auglýsingastjóri:** Inga Ingvarsdóttir, símar 565 2579 og 565 2571 – Netfang: mina@islandia.is

**Umbrot, prentun og bókband:**
Steindórsprent - Gutenberg hf.

**Starfsfólk á skrifstofu:**
Magnús L. Sveinsson, formaður, Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar, Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Aðalbjörg Karlsdóttir, Alda Sigurðardóttir, Anna B. Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulásson, Elísabet Magnúsdóttir, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlöðversdóttir, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Ragnhildur Anna Þorgeirsdóttir, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósepsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Svava Viktoría Clausen, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:**
Magnús L. Sveinsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Elín Elíasdóttir ritari og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson,

Varamenn: Valdís Haraldsdóttir og Ingveldur Sigurðardóttir.

**Stjórn Orlofssjóðs VR:**
Elín Elíasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Reynir Jósepsson og Valur M. Valtýsson.

**Stjórn Sjúkrasjóðs VR:**
Magnús L. Sveinsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson og Stefanía Magnúsdóttir.

**Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:**
Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Sigfússon.







# Viðurkenning fyrir bestu starfskjörin

VR kynnti nýverið hvaða fyrirtæki búa starfsmönnum sínum bestu starfskjörin, að mati félagsmanna VR. Fyrirtækin IMG hf. og Tandur hf. voru valin Fyrirtæki ársins árið 2001 og voru niðurstöðurnar kynntar með viðhöfn í maí.

Þetta er í fimmta skipti sem VR velur fyrirtæki ársins. Allir fullgildir félagsmenn VR fengu sendan spurningalista með yfir 50 spurningum sem spanna mjög vítt svið starfsumhverfisins. Könnuð voru viðhorf starfsmanna til lykilþátta í innra umhverfi fyrirtækisins, þ.e. trausts, stolts og starfsanda en vinnustaðarannsóknir hafa leitt í ljós sterk tengsl milli þessara þátta og árangurs í starfsmannastjórnun. Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á trúverðugleika stjórnenda, virðingu fyrir starfsfólki, launakjör og vinnuskilyrði svo eitthvað sé nefnt. Alls svöruðu 3.040 félagsmenn í rúmlega 200 fyrirtækjum könnuninni sem er veruleg aukning frá því á síðasta ári eða sem nemur 40%. Það var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem annaðist framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna.

Aðferðafræði könnunarinnar byggir á rannsóknum Bandaríkjamannsins dr. Roberts Leverings sem hefur undanfarna tvo áratugi sérhæft sig í vinnustaðarannsóknum og ráðgjöf til fyrirtækja. Rannsóknir hans hafa leitt í ljós að vellíðan starfsfólks á vinnustað og starfsánægja hafa áhrif á afköst fyrirtækisins, ímynd þess og samkeppnisstöðu. Innra starfsumhverfi fyrirtækisins getur þannig skipt afkomu þess jafnmiklu ef ekki meira máli en ytri rekstrarskilyrði.

Í ár var afráðið að skipta fyrirtækjum í könnuninni í tvo hópa, annars vegar fyrirtæki þar sem starfa 50 eða fleiri félagsmenn VR og hins vegar fyrirtæki þar sem félagsmenn eru færri en 50 talsins. Ljóst er að ýmsir mannlegir þættir á vinnustöðum eru vandmeðfarnari í stærri fyrirtækjum en þeim smærri. Því þótti félaginu rétt að líta sérstaklega til stærri fyrirtækja og veita þeim viðurkenningu sem hæstu einkunn hlutu í þeim flokki.

Niðurstöðurnar í könnun VR á Fyrirtæki ársins gefa fyrirtækjum mikilvægar upplýsingar um styrkleika og veikleika í innra starfsumhverfi og eru hagnýtt tæki til að móta árangursríka starfsmannastefnu. Þar sem könnunin er árleg geta fyrirtækin jafnframt metið þróun og árangur á milli ára og skoðað stöðu sína í samanburði við önnur sambærileg fyrirtæki. En tilgangurinn með könnun sem þessari er ekki eingöngu sá að veita þeim fyrirtækjum viðurkenningu sem búa starfsmönnum sínum gott vinnuumhverfi. Markmiðið er ekki síður það að varpa ljósi á starfsskilyrði starfsmanna og gefa þeim innsýn inn í starfsumhverfi annarra fyrirtækja. Eitt af hlutverkum stéttarfélags í nútíma samfélagi er að veita félagsmönnum sínum upplýsingar um vinnuaðstæður á markaðnum en þær eru stór hluti af kjörum starfsmanna.

Við óskum vinningshöfunum og starfsmönnum þeirra til hamingju með titilinn Fyrirtæki ársins 2001 og einnig þeim fyrirtækjum öðrum sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni. MLS

# Fyrirtæki ársins 2001

IMG hf. (áður Gallup, Ráðgarður og fleiri fyrirtæki) og Tandur hf. voru valin Fyrirtæki ársins árið 2001 í könnun meðal félagsmanna VR.

**IMG var Fyrirtæki ársins í hópi stærri fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja þar sem starfa 50 eða fleiri félagsmenn VR, en Tandur í hópi smærri fyrirtækja þar sem félagsmenn eru 5-49 talsins. Úrslitin voru kynnt í móttöku á vegum VR í maí.**

IMG hf. fékk alls 4,26 í heildareinkunn af 5 mögulegum. Í öðru sæti í hópi stærri fyrirtækja varð P. Samúelsson hf. með 4,24 í heildareinkunn en það fyrirtæki var útnefnt Fyrirtæki ársins árið 1998 og hlaut viðurkenningu árið 1999. Í þriðja sæti varð Kaupþing hf. með 4,06 í heildareinkunn.

### Hæsta einkunn 2 ár í röð

Tandur hf. fékk 4,66 í heildareinkunn í fyrsta sæti smærri fyrirtækja. Tandur fékk einnig hæstu einkunn allra fyrirtækja á síðasta ári og var útnefnt Fyrirtæki ársins 2000. Í öðru sæti varð Reykjagarður hf. með 4,65 og í því þriðja Daníel Ólafsson með 4,54 í einkunn. Daníel Ólafsson hlaut hæstu einkunn árið 1999 og var þá útnefnt Fyrirtæki ársins.

### Viðurkenning fyrir bestu starfskjörin

Í ræðu við afhendingu viðurkenninga til fyrirtækjanna sagði Magnús L. Sveinsson, formaður VR, að valið á Fyrirtæki ársins vekti athygli á þeim fyrirtækjum sem að mati starfsmanna standa sig vel og skapa gott umhverfi og andrúmsloft á vinnustað, öðrum til eftirbreytni. VR hefur valið Fyrirtæki ársins síðastliðin fimm ár en aldrei áður hafa jafnmörg fyrirtæki komist á listann, eða alls 205 talsins. Fram til þessa hefur þátttaka í könnuninni verið einskorðuð við fyrirtæki þar sem starfa félagsmenn VR en í ár var fleiri fyrirtækjum og félagasamtökum boðin þátttaka. Tveir aðilar þekktust boðið, RÚV og Orkuveita Reykjavíkur. Sjá ennfremur bls. 7, 8, 10 og 11 auk lista yfir stöðu einstakra fyrirtækja eftir heildareinkunnum í miðopnu blaðsins.



Myndir: Kristján Maack



**Myndirnar voru teknar við afhendingu viðurkenninga til fyrirtækjanna.**

## VINNINGSNÚMER
### í happdrætti VR

**Dregið hefur verið í happdrætti VR sem haldið var í tengslum við könnun á Fyrirtæki ársins 2001. Allir sem tóku þátt í könnuninni fengu happdrættisnúmer og höfðu möguleika á að vinna ferðavinning. Einungis var dregið úr innsendum könnunum. Eftirfarandi eru vinningsnúmerin:**

**1. verðlaun, kr. 100.000 ferðavinningur, könnun nr. 5649,**

**2. - 3. verðlaun, kr. 50.000 ferðavinningur, kannanir nr. 1821 og 2353,**

**4. - 10. verðlaun, kr. 20.000 ferðavinningur, kannanir nr. 934, 1025, 848, 6197, 9397, 8541, 559.**

**Vinningshafar hafi samband við VR í síma 510 1700.**

# Ný heimasíða VR

www.vr.is

**Ný heimasíða VR, www.vr.is, hefur litið dagsins ljós en hún var opnuð þann 23. maí sl., þegar félagið kynnti niðurstöður í könnun á Fyrirtæki ársins 2001.**

Nýja heimasíðan er nokkuð frábrugðin fyrri síðu félagsins sem var opnuð í upphafi árs 1998. Bæði hefur efnismagnið verið aukið og uppsetningu síðunnar breytt. Efninu er skipt niður í nokkra kafla s.s. kaup og kjör, veikindi og slys, fræðslumál, orlofsmál og atvinnuleysismál. Þannig geta félagsmenn nálgast upplýsingar um laun, vinnutíma, orlofsrétt o.þ.h. undir liðnum kaup og kjör, veikindarétt, slysadagpeninga og styrki undir liðnum veikindi og slys, o.m.fl.

Mörg umsóknareyðublöð eru komin á netið, s.s. umsóknareyðublöð vegna styrks eða dagpeninga úr Sjúkrasjóði VR eða Starfsmenntasjóði. Á heimasíðunni eru reikniforrit til að reikna út orlofs- eða desemberuppbót eða endurreikna launin. Og að sjálfsögðu eru allir kjarasamningar félagsins á heimasíðunni, niðurstöður í árlegri launakönnun og könnun á Fyrirtæki ársins og margt fleira.

Á síðunni er einnig að finna lið sem heitir Í atvinnuleit en þar eru hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem eru í þeim hugleiðingum. Til að mynda er þar að finna ráðleggingar fyrir ráðningarviðtalið og hvernig á að haga atvinnuleitinni. Þá er á síðunni liðurinn Spurt og svarað en þangað geta notendur sent spurningar og lesið svörin á heimasíðunni.

Það er von okkar að nýja heimasíðan auðveldi félagsmönnum að nálgast upplýsingar um rétt sinn og skyldur. Allar ábendingar eða hugmyndir eru vel þegnar á netfang vr@vr.is

# Orlofsuppbót hækkar í kr. 15.000

Orlofsuppbót félagsmanna, sem starfa samkvæmt samningi VR og Samtaka atvinnulífsins, hefur verið hækkuð frá því kjarasamningur þessara aðila var undirritaður í fyrra. Orlofsuppbótin fyrir árið 2001 er kr. 15.000.

**Um er að ræða eingreiðslu sem á að greiða við upphaf orlofstöku eða í síðasta lagi þann 15. ágúst ár hvert. Útreikningur á orlofsuppbót miðast við orlofsárið sem er frá 1. maí til 30. apríl.**

**Átt þú rétt á orlofsuppbót?**

Allt starfsfólk sem var í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí á rétt á að fá greidda orlofsuppbót. Þeir starfsmenn sem ekki voru í fullu starfi eða hafa ekki starfað hjá fyrirtækinu allt orlofsárið skulu fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall eða starfstíma. Full orlofsuppbót í þessu sambandi miðast við 45 unnar vikur fyrir utan orlof. Starfsmaður sem er í 50 % starfi á orlofsárinu fær því kr. 7.500 í orlofsuppbót. Starfsmaður í fullu starfi og sem unnið hefur í 25 vikur á orlofsárinu fær því kr. 8.325 í orlofsuppbót (25/45 = 55,5 % af 15.000).

Starfsmenn sem hafa hætt vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á orlofsárinu eiga við starfslok að fá greidda orlofsuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall. Ef fólk er frá vegna veikinda á það einnig rétt á orlofsuppbót þó launagreiðslur frá vinnuveitanda liggi niðri. Sama gildir um fólk í fæðingarorlofi í allt að sex mánuði, hafi það unnið í eitt ár hjá fyrirtækinu áður en orlofstaka hófst. Á heimasíðu VR, www.vr.is er hægt að reikna út hve há orlofsuppbótin á að vera.

Athugið að í samningi VR og Samtaka verslunarinnar-FÍS er engin sérstök orlofsuppbót.

# Gjaldeyrisleikurinn
## setur svip á fríið!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Í sumar getur þú sannarlega haft heppnina með þér í gjaldeyrisleik Íslandsbanka og orðið einn af tíu fagnandi ferðalöngum sem skipta með sér **einni milljón kr.** Gerðu gjaldeyriskaupin spennandi með því að fylla út þátttökuseðil og e.t.v. verður nafnið þitt dregið úr lukkupottinum í september.

ÍSLANDSBANKI

# UPPSÖGN vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanns ÓLÖGLEG



**Í lögunum segir að óheimilt sé að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmannsins gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.**

Í kjarasamningum VR og Samtaka atvinnulífsins er ákvæði um rétt starfsmanns á að fá leyfi frá störfum þegar um er að ræða óviðráðanlegar og brýnar fjölskylduástæður vegna sjúkdóms eða slyss og krafist er tafarlausrar nærveru starfsmannsins. Hann á þó ekki rétt á launum frá atvinnurekanda sínum í þess konar tilfellum. Þetta ákvæði hefur verið fest enn betur í sessi með samþykkt laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Lög þessi voru samþykkt fyrir ári og hafa þegar tekið gildi.

**Í lögunum segir að óheimilt sé að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmannsins gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.**

Þegar hefur eitt mál á komið til kasta VR þar sem lög þessi voru brotin. Félagsmanni var sagt upp störfum fyrirvaralaust. Forráðamenn viðkomandi fyrirtækis staðfestu að á fundi með félagsmanninum hefði verið rætt um miklar fjarvistir hans vegna veikinda, einkum veikinda barns. Félagsmaðurinn hafði þá verið fjarverandi í 7 daga vegna eigin veikinda og 11 daga vegna veikinda barnsins á undanförnum 3-4 mánuðum. Ekkert var við störf viðkomandi félagsmanns að athuga, að sögn forráðamanna fyrirtækisins, en þeir sögðust ekki sjá sér fært að hafa starfsmann í vinnu sem væri svo mikið fjarverandi vegna veikinda barns. Forráðamönnum fyrirtækisins var gerð grein fyrir nýju lögunum og varð að samkomulagi að starfsmanninum yrðu greiddar bætur.

## Líkamsrækt og gleraugnakaup vinsælust

Breytingar á greiðslum styrkja úr Sjúkrasjóði VR, sem komu til framkvæmda þann 1. apríl sl., hafa fallið í góðan jarðveg meðal félagsmanna.

**Meðal verkefna sjóðsins er að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna. Þegar ríkið tók yfir greiðslur í fæðingarorlofi um síðustu áramót skapaðist svigrúm hjá Sjúkrasjóði til að auka aðstoð við félagsmenn á öðrum sviðum.**

Breytingarnar sem komu til framkvæmda þann 1. apríl miða að því að svara kröfum félagsmanna til sjóðsins um aukna tryggingavernd og frekari styrki til forvarna og endurhæfingar. Styrkir úr sjóðnum taka nú til fleiri þátta en áður, s.s. líf-, slysa- og sjúkdómatrygginga, fleiri greina á sviði líkamsræktar og endurhæfingar og kaupa á gleraugum, svo eitthvað sé nefnt.

Félagsmenn hafa tekið þessum breytingum vel. Ofarlega á vinsældalistanum eru styrkir vegna gleraugnakaupa en yfir eitt hundrað félagsmenn hafa nýtt sér styrk til þeirra frá 1. apríl. Líf-, slysa- og sjúkdómatryggingar eru einnig vinsælar en álíka margir félagsmenn hafa fengið styrk vegna þeirra. Líkamsræktin er hins vegar langvinsælust, á sjötta hundrað félagsmenn hafa fengið styrk til líkamsræktar frá 1. apríl. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, www.vr.is, og þar eru einnig nánari upplýsingar.


# Hærri orlofsuppbót

Orlofsuppbót til félagsmanna VR hefur nú verið hækkuð frá upphaflegum kjarasamningum VR og SA. Hún er nú 15.000 kr. miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu. Orlofsuppbót skal greiða fyrir 15. ágúst.

Starf okkar eflir þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

GOTT FÓLK McCANN-ERICKSON · SÍA




# Vandaðir
## sturtuklefar

**Ifö og Megius sturtuklefarnir** eru fáanlegir úr plasti eða öryggisgleri, rúnaðir og hornlaga. Einnig framhurðir, horn og heilir klefar. Mikið úrval. Glæsileg hönnun og hagkvæmni í baðherbergið.


Ifö PRISMA horn


Ifö CKH heill klefi


Ifö CK heill klefi


Megius Iceland/P hurð


Megius BALTIC bogahorn


Ifö horn


Megius V ROYAL baðhurð

**Ifö - sænsk gæðavara**

TENGI

Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur
Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • tengi.is

BETRISTOFAN.IS 22-05-2001

# KÖNNUNIN á Fyrirtæki ársins 2001




Niðurstöðum könnunar VR á Fyrirtæki ársins 2001 má skipta í tvennt. Annars vegar má sjá lista yfir stöðu einstakra fyrirtækja eftir heildareinkunn í miðopnu blaðsins en tvö fyrirtæki standa uppi sem sigurvegarar eins og skýrt er frá á blaðsíðu 3, IMG hf. og Tandur hf.

**Í öðru lagi má lesa úr niðurstöðunum hvernig einstakir þættir í starfsumhverfinu koma út, þ.e. hvað vegur þyngst í að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og hvernig mismunandi hópar starfsmanna meta sitt starfsumhverfi.**

Hér að neðan er stiklað á stóru á þeim niðurstöðum.

## Trúverðugleiki stjórnenda skiptir höfuðmáli

Trúverðugleiki yfirmanna skiptir mestu um starfsanda í fyrirtækinu og vegur þyngst þegar kemur að ánægju fólks með starfið, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Stolt af starfinu, vinnuskilyrði og góður starfsandi fylgja þar fast á eftir. Það vekur athygli að launakjör virðast ekki hafa eins mikil áhrif og ætla mætti á ánægju fólks með starfið sitt.

## Stjórnendur eru jákvæðastir

Munur er á afstöðu og viðhorfum starfsmanna til vinnustaða sinna eftir stöðu þeirra innan fyrirtækisins. Stjórnendur er jákvæðastir þegar litið er til stöðu þátttakenda í könnuninni en almennir starfsmenn neikvæðastir. Munurinn á viðhorfi hærri stjórnenda og annarra starfsmanna, þ.m.t. millistjórnenda, er töluverður og skiptir stærð fyrirtækisins þar ekki máli. Hærri stjórnendur telja til dæmis að samskipti og upplýsingaflæði innan fyrirtækisins sé mun betra en almennir starfsmenn, þeir eru áberandi sáttastir við vinnuskilyrði sín og þeir eru ánægðastir með laun sín og telja fremur en aðrir starfsmenn að þau séu ákveðin af sanngirni.

## Munur á viðhorfi eftir kyni og aldri

Talsverður munur er á svörum karla og kvenna í könnuninni. Konur eru almennt jákvæðari en karlar í afstöðu sinni til fyrirtækisins sem þær vinna hjá, nema þegar kemur að launakjörum. Karlar eru ánægðari með laun sín en konur og telja frekar en þær að launin séu ákveðin af sanngirni. Það virðist vera borin meiri virðing fyrir þörfum kvenna en karla á vinnumarkaði hvað varðar sveigjanleika í starfi og stjórn á vinnutíma. Karlar hafa hins vegar meira frelsi til ákvarðanatöku í starfi og eru stoltari af starfi sínu en konur. Á hinn bóginn leggja konur meiri metnað í starf sitt.

Þegar litið er til aldurs eru þeir yngstu og þeir elstu gagnrýnastir á vinnustað sinn og hafa minnsta trú á yfirmönnum. Yngsta aldurshópnum finnst minnst virðing borin fyrir sínum þörfum á vinnustað. Starfsmenn 56 ára og eldri eru óánægðastir með launakjör sín og þeir skynja lakastan starfsanda.

**Talsverður munur er á svörum karla og kvenna í könnuninni. Konur eru almennt jákvæðari en karlar í afstöðu sinni til fyrirtækisins sem þær vinna hjá, nema þegar kemur að launakjörum.**

## Stærð fyrirtækisins hefur áhrif

Starfsmenn smærri fyrirtækja voru almennt jákvæðari en starfsmenn stærri fyrirtækja, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Starfsmenn á minni vinnustöðum eru t.a.m. sáttari við vinnuskilyrði sín en starfsmenn í stærri fyrirtækjum og þeir hafa einnig meiri trú á yfirmönnum sínum. Almennt finnst starfsmönnum minni fyrirtækja meiri virðing borin fyrir sínum þörfum en þeim starfsmönnum sem starfa hjá stærri fyrirtækjum. Athygli vekur þó að mat á starfsanda er ekki mismunandi eftir stærð fyrirtækis, eins og ætla mætti.

## Mismunandi viðhorf til jafnréttismála

Jafnréttisstefna virðist óvíða hafa verið mótuð á vinnustöðum félagsmanna VR, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar en samkvæmt 13. grein jafnréttislaga er fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort búið væri að móta jafnréttisstefnu og hvort þeir teldu að konur og karlar nytu sömu möguleika til starfsframa á vinnustað. Það er áhugavert að verulegur munur er á afstöðu kynjanna til þessara spurninga. Karlar eru frekar á því að mótuð hafi verið jafnréttisstefna eða 22% á móti 15% kvenna. Svipað hlutfall karla segir að jafnréttisstefna sé í mótun eða að rætt hafi verið um að móta hana en 16% kvenna eru þeirrar skoðunar

## Karlar taldir njóta meiri möguleika

Að jafnaði telja allir, þ.e. bæði kynin og allir aldurshópar óháð stöðu í fyrirtækinu eða stærð fyrirtækis að karlar hafi meiri möguleika en konur á starfsframa innan fyrirtækisins. Það vekur athygli að karlar virðast njóta meiri möguleika en konur í stærri fyrirtækjum en í þeim smærri. Þetta gengur þvert á þá niðurstöðu að starfsmenn stærri fyrirtækja telja oftar en starfsmenn smærri fyrirtækja (20% á móti 11%) að á vinnustaðnum hafi verið mótuð jafnréttisstefna. E.t.v. er skýringin sú að stefnan sé meira í orði en á borði.

SJÁ ENNFREMUR NÆSTU SÍÐU

# TANDUR

Tandur hf. var valið Fyrirtæki ársins 2001 í hópi smærri fyrirtækja eins og sagt er frá annars staðar í blaðinu. Þetta er annað árið í röð sem Tandur hf. hlýtur þessa viðurkenningu.

Við litum inn að Hesthálsi 12 þar sem fyrirtækið er til húsa í nýlegu og smekklegu atvinnuhúsnæði og ræddum við Guðmund Aðalsteinsson framkvæmdastjóra: „Auðvitað er ég ánægður með þessa viðurkenningu og viss um að svona könnun er af hinu góða. Starfsfólk Tandurs er einstaklega samhentur hópur og allir leggja sitt af mörkum til að mönnum líði sem best í vinnunni. Og það er


**Guðmundur Aðalsteinsson**

ekki bara hagur starfsfólksins heldur líka tvímælalaust hagur fyrirtækisins að hafa ánægða starfsmenn.“

Nánar um fyrirtækið er að fá á vefnum: www.tandur.is.

Ljósmyndarinn Erling kom við í Tandri einn góðan veðurdag fyrir skömmu og tók myndirnar sem hér fylgja með.


**Guðmundur Gylfi Guðmundsson, efnafræðingur, Gréta Rún Árnadóttir, skrifstofumaður.**


**Birgin Örn Guðmundsson, efnafræðingur.**


**Örn Hafsteinsson, birgða- og dreifingarstjóri.**


**Steinunn Aðalsteinsdóttir, skrifstofustjóri.**


**Sigurður Kjartansson, þjónustufulltrúi.**


**Guðmundur Gylfi Guðmundsson.**


**Gréta Rún Árnadóttir.**


Förðunarskóli Íslands
menntun og metnaður


Nemandi: Steinunn

6 vikna til 9 mánaða nám

Starfsnám í förðun gefur margvísleg tækifæri á vinnumarkaði

Ljósmynda- og tískuförðun
Leikhús- og kvikmyndaförðun

Morgun- og kvöldhópar
Skráning stendur yfir

Allar nánari upplýsingar í síma
588 7575 eða á
www.fardi.com

Förðunarskóli Íslands
Einholti 2 105 Reykjavík

www.fardi.com

VR-félagar fá styrk á námskeið í Förðunarskóla Íslands



**Steinunn Aðalsteinsdóttir.**


**Hallgrímur Júlíusson, þjónustufulltrúi.**


**Pálmar Salmon, Daníel Páll Jónasson, sumarafleysingamenn.**


**Árni Hafsteinsson, lagerstarfsmaður.**

Sjá bls. 10 og 11

certus
LÍF- & SJÚKDÓMATRYGGING

VR
TILBOÐ

0 kr

**Frítt iðgjald fyrsta árið fyrir alla fullgilda félagsmenn VR***

**CERTUS gefur 50% afslátt af líf- og sjúkdóma-tryggingu til nýrra viðskiptavina – Sjúkrasjóður VR veitir 50% styrk***

**Með fyrirvara um heilsufar.**

**Gildir til 30. júní 2001**

**Úrdráttur úr reglum sjúkrasjóðs VR.**

* Upphæð styrkja skal miða við 50% af útlögðum kostnaði samkvæmt reikningi, að hámarki 40% af iðgjöldum viðkomandi í Sjúkrasjóð VR síðustu 36 mánuði.

ALÞJÓÐA
LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ
Í EIGU SPARISJÓÐANNA OG KAUPÞINGS
ALÞJÓÐA LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ hf. · Lágmúla 5 · 108 Reykjavík
Sími 540 1400 · 800 7-9-13 · Fax 540 1401 · www.alif.is · alif@alif.is

YOTUEL®
HVÍTAR TENNUR



YOTUEL plus tannlýsingarsett. Örugg og einföld leið til að lýsa tennur.

YOTUEL tannkrem. Lýsir tennur og ver þær skemmdum. Inniheldur lítið af svarfefni og rispar því ekki glerung tanna.

YOTUEL tyggigúmmí. Viðheldur tannlýsingu og vinnur gegn tannskemmdum og tannsteini.

YOTUEL munnskol. Hjálpar við að lýsa tennur.

YOTUEL vörurnar eru vistvænar og rannsóknir staðfesta að þær eru í hæsta gæðaflokki og megi nota á hverjum degi.

SÖLUSTAÐIR:
Apótekið
LYFJA
Dreifing: FARMASÍA ehf.


# FYRIRTÆK

# IMG hf

**Fyrirtækið IMG hf. (áður Gallup, Ráðgarður og fleiri fyrirtæki) var valið Fyrirtæki ársins í hópi stærri fyrirtækja með 50 eða fleiri félagsmenn VR. Við litum inn í bækistöðvar fyrirtækisins við Laugaveginn ofanverðan og áttum stutt tal við Hafstein Bragason, ábyrgðamann starfsmannamála hjá IMG.**

Hafsteinn sagði m.a. um valið á Fyrirtæki ársins: „Þetta er auðvitað ekkert annað en jákvætt að fá á þennan hátt fram skoðanir starfsfólks fyrirtækja. Fyrir okkur hefur það komið sér ákaflega vel að vera valið Fyrirtæki ársins í ár og það hefur kynnt fyrirtækið rækilega á jákvæðum nótum. IMG nafnið er ekki þekkt ennþá enda samruni alkunnra fyrirtækja sem að því standa tiltölulega nýr af nálinni. Kynningin hefur því komið okkur vel. Og almennt um slíkar kannanir tel ég að þetta sé eitt hið besta sem stéttarfélögin geta gert fyrir sitt fólk, auðvitað fyrir utan launamálin, að athuga hvernig fólkinu líður á vinnustað og skapa ákveðið aðhald á fyrirtækin í því samhengi. Spennandi væri að fá fleiri stéttarfélög í samvinnu um slíkar kannanir, sem gæfu þá réttari mynd af fyrirtækjum þar sem starfar fólk í ýmsum starfsgreinum“.

Erling ljósmyndari gekk um stofur í húsakynnum IMG hf. og myndaði starfsfólk.



Hulda Þórisdóttir og Sigurbjörg Heiðarsdóttir.



Hákon Gunnarsson.



Gunnar Halldór Egilsson.



Á námskeiði. 4. frá vinstri Hildur Elín Vignir, lengs t.h. Sigrún Sandra Ólafsdóttir.


Úrvalið er hjá okkur

Tryggðu barninu þínu öruggt sæti





**MAJOR** 0-13 kg. m/skermi, höfuðpúða og geymsluhólfi kr. 8.980
**TOP** eins og MAJOR en m/svuntu kr. 9.840

**CHALLENGER** 0-18 kg. m/stuðningspúða kr. 10.960







**POLO** 15-36 kg. m/örmum kr. 1.890

**SPEEDWAY** 9-36 kg. m/höfuðpúða og 5 punkta belti kr. 8.850

**DUO** 15-36 kg. m/hæðarstillingu fyrir öryggisbelti kr. 6.700

SAFETY BABY 2001

ólavía og oliver
SÍMI 553 3366
GLÆSIBÆ

Viðurkenndir og E-merktir samkv. ECE reglug. nr. 44.03

www.oo.is

# I ÁRSINS 2001


Ásta Finnboga-dóttir.


Halla Rut Stefáns-dóttir.


Elías Héðinsson.


Líney Sveinsdóttir.


Linda Rut Benediktsdóttir.


Martin Olesen.


Þórunn Guðmundsdóttir.


Elísabet Stefáns-dóttir.


Þóra Ásgeirsdóttir.


Kolbrún H. Sigurðar-dóttir.


Anna Lísa Jónsdóttir.


Frá v.: Sóley Valdimarsdóttir, Gísli Steinar Ingólfsson, Hafsteinn Bragason.


Margrét Eva Árnadóttir, Gunnar Haugen, Sigþór U. Hallfreðsson.


HUSK

**Husk** er 100% náttúrulegt „þarma-stillandi" efni, sem samanstendur af hreinni, hreinsaðri fræskurn af indversku lækningajurtinni Plantago Psyllium.

**Husk** er án sykurs eða bragðefna og bætir starfsemi þarmanna á vægan hátt.

**Husk** fæst í apótekum um allt land!





Ertu með tölvuaugu?

OTT-ljósið er lausnin

OTT-ljósið er einstakt tölvuljós sem hjálpað hefur fjölda fólks sem þjáist af augnverkjum vegna vinnu við tölvu. Í því eru einstakar geislavarnir sem eru aðeins í OTT-ljósinu.
Hannað sérstaklega fyrir tölvunotendur.
Frábær reynsla á Íslandi.

Ljóslifandi ehf.
Suðurlandsbraut 10, 2h 108 Reykjavík 53 333 53 www.ljoslifandi.is

MINOLTA

máttur stafrænnar ljósritunar



DiALTA

- Meiri myndgæði og lægri rekstrarkostnaður en í eldri gerðum ljósritunarvéla
- Stafræn vinnsla gefur nýja möguleika í meðhöndlun skjala og eykur framleiðni
- Þægilegt og samræmt notendaviðmót (LCD)
- Tölvutenging og mikið úrval netkorta gefa aukið notagildi
- Minolta DiALTA stafrænar ljósritunar-vélar eru mun umhverfisvænni

KJARAN TÆKNIBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLI 12 108 REYKJAVÍK SÍMI 510 5500 / 510 5520
www.kjaran.is taeknibunadur@kjaran.is

# Hvað ber að hafa hugfast við uppsögn?

**Í kjarasamningum verslunarmanna segir að uppsögn skuli af beggja hálfu vera ein vika á reynslutími, þ.e. fyrstu þremur mánuðunum. Á þriðja til sjötta mánuði er fresturinn einn mánuður og bundinn við mánaðarmót og eftir sex mánaða starf er uppsagnarfrestur þrír mánuðir og bundinn við mánaðarmót. Að reynslutíma loknum skal uppsögn vera skrifleg.**

Samið hefur verið um lengri uppsagnarfrest þeirra sem starfað hafa lengið hjá sama fyrirtæki. Þegar starfsmaður er orðinn 55 ára og hefur unnið í 10 ár hjá fyrirtæki öðlast hann 4 mánaða uppsagnarfrest, 5 mánaða uppsagnarfrest ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánaða uppsagnarfrest ef hann hefur náð 63 ára aldri. Starfsmaðurinn getur aftur á móti sagt starfi sínu lausu með 3ja mánaða fyrirvara. Hér er vikið frá þeirri meginreglu að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur.

### Form uppsagnar

Í kjarasamningunum segir að uppsagnir skuli vera skriflegar, en dómstólar hafa aftur á móti talið að munnlegar uppsagnir geti talist gildar, ef sá sem heldur uppsögninni fram getur sannað þá staðhæfingu sína.

Launþega ber að vinna sinn uppsagnarfrest, nema um annað sé sérstaklega samið. Sömuleiðis ber vinnuveitanda að leyfa starfsmanni að vinna sinn uppsagnarfrest eða greiða bætur út uppsagnarfrestinn. Ákvæði kjarasamninga varðandi uppsagnir gilda því jafnt, hvort heldur um uppsögn af hálfu starfsmanns er að ræða eða vinnuveitanda.

Í kjarasamningum er ákvæði um lágmarksuppsagnarfrest sem þýðir að starfsmönnum er einungis heimilt að semja um betri rétt en kjarasamningar kveða á um en ekki lakari. Þegar samningar, sem víkja frá lágmarksákvæði kjarasamnings, eru gerðir verður ávallt að skoða hvort starfsmaður hafi samið um betri rétt eða ekki. Dæmi um þetta er t.d. þegar starfsmaður óskar eftir því að hætta störfum strax. Þá verður að líta svo á að slíkur samningur sé starfsmanninum í hag.

### Hvenær tekur uppsögn gildi?

Á fyrstu þremur mánuðum er viku uppsagnarfrestur og er hægt að segja upp vinnusambandinu hvenær sem er. Eftir að launþegi hefur áunnið sér eins mánaðar uppsagnarfrest (þ.e. eftir 3ja mánaða starf) skal uppsögn miðast við næstu mánaðarmót eftir að uppsögn er birt aðila. Ef launþega er t.d. sagt upp 15. júní tekur uppsögnin gildi 1. júlí og uppsagnarfrestur miðast við þau tímamót.

Uppsögn telst birt aðila á þeim degi þegar hann á kost á að kynna sér efni hennar. Ef uppsögn er t.d. send í ábyrgðarpósti telst hún komin til aðila þegar hann fær tilkynninguna um ábyrgðarsendinguna, þó hann sæki ekki bréfið. Þessi regla tryggir að að viðkomandi geti ekki frestað einhliða gildistöku uppsagnarinnar. Dagsetning uppsagnarbréfs skiptir því ekki meginmáli við gildistöku uppsagnar.

Uppsögn þarf að vera skýr og ótvíræð þannig að ekki sé hægt að skilja efni hennar nema á einn veg. Í uppsagnarbréfi þarf að koma skýrt fram hver segir upp eða hverjum er verið að segja upp og frá hvaða tíma. Óskýr uppsögn getur leitt til þess að hún verði talin ógild. Réttarstaða starfsmanns í uppsagnarfresti er sú sama og hún var áður en til uppsagnar kom. Starfsmaður nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur gagnvart vinnuveitanda. Vinnuveitanda er óheimilt að breyta einhliða starfskjörum starfsmanns í uppsagnarfresti.

### Afturköllun uppsagnar

Uppsögn getur verið afturkölluð beint eða óbeint. Bein afturköllun fer fram með tilkynningu aðila um að uppsögn sé dregin til baka. Ný uppsögn þarf því að koma til ef slíta á vinnusambandi að nýju. Óbein afturköllun getur verið þegar vinnuveitandi óskar eftir því að starfsmaður haldi áfram störfum fram yfir sinn lögbundna uppsagnarfrest. Í slíkum tilfellum verður að meta hvort stofnað hafi verið nýtt tímabundið vinnusamband eða uppsögn verið afturkölluð. Ef um ótímabundna ráðningu er að ræða er litið svo á að uppsögn hafi verið afturkölluð og vinnusamband stofnað

Niðurlag á bls. 31










SPEEDO®

# það heitasta á ströndina

Í Útilíf finnur þú glæsilegt úrval af
sund- og strandfatnaði frá Speedo.
Komdu í Útilíf áður en þú heldur út í heim.

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ
Sími 545 1500 • www.utilif.is

# undirstaðan

*er það sem skiptir mestu máli*





METPOST stálstólpi til að reka niður



METPOST skór til að bolta niður



METPOST stálstólpi í steypu

**METPOST**

*Með METPOST stálstólpum er hægt að útbúa skjólveggi og sólpalla á fljótlegan og einfaldan hátt. Ýmist má reka niður METPOST stólpa, steypa þá eða bolta niður. Þegar METPOST stólpa hefur verið komið fyrir er sett í hann stoð og viðkomandi sólpallur / skjólgirðing sett upp. Einfalt, öruggt, fljótlegt.*



**Söluaðilar: BYKO, Húsasmiðjan, KEA Akureyri, KS Sauðárkróki, KASK Höfn og Húsey Vestmannaeyjum**




# Að loknu


# Eru SLIPIDU þægilegustu buxur sem þú færð? prófaðu!



**Fullkomið snið**
Sniðið tryggir að SLIPIDU falla vel að líkamanum.

**Mjúkt frotte innlegg**
SLIPIDU línan er með þægilegu mjúku frotte innleggi.

**Engir saumar**
Sérstaða SLIPIDU er að efnið er hringprjónað og þess vegna engir óþægilegir saumar.

**Teygjubryddingar**
Nýr frágangur á teygju gerir bryddingar sléttar og mjúkar. Þær tryggja fullkomið snið. Ný gljáandi áferð á teygjunni gefur SLIPIDU aðlaðandi útlit.

**Gæðavara**
Efnið í SLIPIDU er 95% fínkembd og súrefnisbleikt Mako-bómull, með 5% teygju. SLIPIDU eru því einstaklega mjúkar og passa fullkomlega.

Besta verðið hingað til **3+1** Þú kaupir þrennar og færð þær fjórðu *frítt!*










SCHIESSER
-það besta næst þér!

**Útsölustaðir SLIPIDU**

**Ceres** Kópavogi · **Snyrtistofan Snót** Kópavogi · **Ísold** Sauðárkróki · **KÞ-Esar** Húsavík · **Grund** Flúðum · **Kaupfélag Héraðsbúa** Egilsstöðum

**Hagkaup** Kringlunni · **Hagkaup** Skeifunni · **Hagkaup** Smáratorgi · **Perla** Akranesi · **Heimahornið** Stykkishólmi · **KVH** Hvammstanga · **Amaró-Mýrar** Akureyri · **Dalakjör** Búðardal · **María - verslun** Grundarfirði · **KÁ** Selfossi

**H-búðin** Garðabæ · **Fjarðakaup** Hafnarfirði · **Embla** Hafnarfirði · **KB** Borgarnesi · **Fatabúðin** Ísafirði · **Vísir** Blönduósi · **Anney** Akureyri · **KÁ** Höfn Hornafirði · **Apótekið** Ólafsvík · **Palóna** Grindavík



# 1. MAÍ

**Þann 1. maí síðastliðinn héldu VR félagar upp á hátíðisdag verkalýðsins á hefsbundinn hátt og var hinn glæsilegi fáni félagsins hafinn á loft og borinn styrkum höndum og með reisn í kröfugöngu dagsins í fánaborg annarra minni VR fána.**

Því miður voru veðurguðirnir við sama heygarðshornið og árið áður og veðrið ekkert til að hrópa húrra fyrir, þó að sjálfsögðu léti enginn maður það aftra sér frá þátttöku. Eins og venjulega var fjölmenni á Ingólfstorgi.

Eftir fundinn var boðið til kaffidrykkju á veitingahúsinu Broadway eins og gert hefur verið nokkur undanfarin ár og var sú samkoma einkar ánægjuleg, veitingar góðar og menn nutu þess að halda daginn hátíðlegan í góðum félagsskap.




Myndir: Kristján Maack

# um ASÍ fundi

Framtíð velferðarkerfisins, jafnréttis- og fjölskyldumál og húsnæðismál voru meginviðfangsefni fyrsta ársfundar Alþýðusambands Íslands sem var haldinn 28. og 29. maí sl. í Reykjavík.

**Þetta var fyrsti ársfundur ASÍ síðan þing sambandsins á síðasta ári samþykkti róttækar breytingar á lögum og starfsháttum þess Alls sátu fundinn 250 fulltrúar, þar af átti VR 40 fulltrúa.**

Kosið var til miðstjórnar sambandsins og eiga verslunarmenn 4 fulltrúa í nýrri stjórn, þar af á VR þrjá og einn varamann að auki. Fulltrúar verslunarmanna eru Guðrún Erlingsdóttir, Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyja, Gunnar Páll Pálsson, Rannveig Sigurðardóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir frá VR. Að auki er Stefanía Magnúsdóttir frá VR varamaður. Nánari upplýsingar um samþykktir og upplýsingar af fundinum er að finna á heimasíðu ASÍ, www.asi.is

Myndir: Grétar Hannesson



**Myndirnar eru af VR félögum á ASÍ fundinum.**





## UPPSTIGNINGARDAGUR

# Ánægjuleg síðdegisstund

Á uppstigningardag, þann 24 maí sl., var að venju haldin síðdegissamkoma fyrir eldri félagsmenn VR í veitingahúsinu Broadway á Hótel Íslandi.

Ávarp dagsins flutti séra Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur Landsspítala-háskólasjúkrahúss og einnig tók Magnús L. Sveinsson, form. VR, til máls. Skemmtiatriði fluttu feðgarnir Árni Tryggvason og Örn Árnason, söngsveitin Drangey undir stjórn Snæbjargar Snæbjörnsdóttur, nemendur úr Tónlistarskóla Suzukisambandsins undir stjórn Aðalheiðar Matthíasdóttur og hljómlistarmennirnir Jónas Þórir Þórisson, Jónas Dagbjartsson, Gunnar Hrafnsson, Guðmundur Steingrímsson og Ólafur Gaukur. Kynnir var varaformaður VR, Stefanía Magnúsdóttir.

Síðdegissamkoma þessi tóks með miklum ágætum og mun hafa verið meira fjölmenni en nokkru sinni fyrr á uppstigningardag, eða nokkuð á sjöunda hundrað manns.




# FYRIRTÆKI Á

## STÆRRI FYRIRTÆKI

| | | Heildareinkunn | Vikmörk | TRAUST | | | | STOLT | | STARFSANDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Trúverðugleiki stjórnenda | Virðing fyrir starfsfólki | Launakjör | Vinnuskilyrði | Stolt af starfi | Stolt af fyrirtæki | Starfsandi | Svarhlutfall í fyrirtæki |
| | HEILD (FJÖLDI ER 1892) | 3,72 | +/-0,03 | | | | | | | | |
| 1 | IMG ÞEKKINGARSKÖPUN HF. | 4,26 | +/-0,19 | 97 | 63 | 79 | 85 | 87 | 84 | 89 | 43% |
| 2 | P. SAMÚELSSON HF. | 4,24 | +/-0,20 | 92 | 53 | 83 | 89 | 84 | 94 | 84 | 39% |
| 3 | KAUPÞING HF. | 4,06 | +/-0,19 | 76 | 27 | 80 | 72 | 67 | 52 | 82 | 39% |
| 4 | HANS PETERSEN HF. | 4,06 | +/-0,20 | 85 | 57 | 38 | 73 | 83 | 83 | 91 | 29% |
| 5 | TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF. | 4,04 | +/-0,18 | 69 | 84 | 74 | 86 | 73 | 46 | 64 | 54% |
| 6 | AÐFÖNG | 4,02 | +/-0,19 | 74 | 40 | 92 | 77 | 43 | 31 | 52 | 22% |
| 7 | AX-HUGBÚNAÐARHÚS HF. | 4,00 | +/-0,23 | 47 | 43 | 86 | 64 | 79 | 34 | 80 | 33% |
| 8 | EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF. | 3,99 | +/-0,12 | 84 | 61 | 54 | 65 | 69 | 46 | 67 | 45% |
| 9 | TAL HF. | 3,99 | +/-0,15 | 77 | 36 | 75 | 41 | 40 | 66 | 66 | 36% |
| 10 | KREDITKORT HF. | 3,97 | +/-0,15 | 73 | 73 | 47 | 51 | 70 | 74 | 81 | 32% |
| 11 | OLÍUFÉLAGIÐ HF. | 3,97 | +/-0,18 | 79 | 81 | 65 | 49 | 45 | 61 | 56 | 27% |
| 12 | INGVAR HELGASON - BÍLHEIMAR | 3,96 | +/-0,24 | 72 | 54 | 73 | 50 | 64 | 50 | 57 | 44% |
| 13 | TÆKNIVAL HF. | 3,96 | +/-0,14 | 75 | 39 | 67 | 45 | 79 | 36 | 67 | 30% |
| 14 | SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF. | 3,96 | +/-0,14 | 81 | 67 | 42 | 73 | 65 | 51 | 73 | 48% |
| 15 | VÍFILFELL EHF. | 3,93 | +/-0,31 | 71 | 37 | 64 | 34 | 88 | 64 | 58 | 22% |
| 16 | OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF. | 3,93 | +/-0,22 | 64 | 30 | 54 | 81 | 51 | 72 | 63 | 23% |
| 17 | NÝHERJI HF | 3,92 | +/-0,16 | 58 | 63 | 50 | 70 | 72 | 58 | 73 | 35% |
| 18 | SAMVINNUFERÐIR-LANDSÝN HF. | 3,89 | +/-0,16 | 70 | 29 | 32 | 78 | 75 | 45 | 82 | 33% |
| 19 | SAMSKIP HF. | 3,81 | +/-0,15 | 63 | 17 | 31 | 69 | 44 | 51 | 65 | 37% |
| 20 | ÁRVAKUR HF. (MORGUNBLAÐIÐ) | 3,78 | +/-0,13 | 41 | 32 | 58 | 25 | 18 | 80 | 53 | 46% |
| 21 | BIFREIÐAR & LANDBÚNAÐARVÉLAR EHF. | 3,77 | +/-0,63 | 41 | 23 | 48 | 76 | 54 | 42 | 49 | 14% |
| 22 | HEKLA HF. | 3,76 | +/-0,17 | 31 | 22 | 67 | 36 | 49 | 34 | 55 | 28% |
| 23 | TOLLVÖRUGEYMSLAN-ZIMSEN HF. | 3,76 | +/-0,24 | 36 | 44 | 58 | 46 | 42 | 23 | 54 | 41% |
| 24 | FLUGFÉLAGIÐ ATLANTA HF. | 3,76 | +/-0,32 | 44 | 55 | 62 | 28 | 39 | 60 | 23 | 32% |
| 25 | NÝKAUP | 3,71 | +/-0,29 | 51 | 62 | 36 | 55 | 14 | 24 | 43 | 23% |
| 26 | JÓNAR TRANSPORT HF. | 3,71 | +/-0,20 | 17 | 65 | 45 | 59 | 59 | 38 | 45 | 47% |
| 27 | HÚSASMIÐJAN HF. | 3,71 | +/-0,16 | 43 | 47 | 37 | 27 | 46 | 57 | 44 | 27% |
| 28 | FERÐASKRIFSTOFA ÍSLANDS HF. | 3,69 | +/-0,16 | 49 | 23 | 7 | 37 | 63 | 70 | 75 | 36% |
| 29 | MYLLAN-BRAUÐ HF. | 3,68 | +/-0,30 | 45 | 76 | 43 | 56 | 29 | 12 | 17 | 29% |
| 30 | MIKLATORG HF. (IKEA) | 3,68 | +/-0,23 | 58 | 38 | 24 | 24 | 34 | 22 | 51 | 23% |
| 31 | BÍLANAUST HF. | 3,63 | +/-0,36 | 37 | 33 | 46 | 38 | 23 | 21 | 20 | 34% |
| 32 | BYKO HF. | 3,61 | +/-0,18 | 33 | 30 | 36 | 14 | 28 | 47 | 44 | 39% |
| 33 | BÓNUS | 3,61 | +/-0,38 | 35 | 10 | 53 | 42 | 7 | 20 | 26 | 16% |
| 34 | ÍSLENSKA ÚTVARPSFÉLAGIÐ HF. | 3,61 | +/-0,19 | 36 | 35 | 23 | 30 | 37 | 7 | 61 | 41% |
| 35 | AUSTURBAKKI HF. | 3,61 | +/-0,27 | 22 | 66 | 25 | 40 | 53 | 25 | 35 | 47% |
| 36 | ORKUVEITA REYKJAVÍKUR | 3,59 | +/-0,11 | 35 | 20 | 25 | 60 | 32 | 14 | 24 | 29% |
| 37 | NTC HF. (17 VERSLANIRNAR O.FL.) | 3,58 | +/-0,28 | 27 | 42 | 31 | 43 | 19 | 23 | 27 | 17% |
| 38 | VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF. | 3,58 | +/-0,13 | 42 | 64 | 14 | 19 | 37 | 19 | 36 | 50% |
| 39 | TÍU ELLEFU/HRAÐKAUP | 3,57 | +/-0,24 | 32 | 4 | 59 | 44 | 27 | 19 | 10 | 21% |
| 40 | OSTA- OG SMJÖRSALAN SF. | 3,56 | +/-0,23 | 21 | 72 | 20 | 52 | 22 | 59 | 6 | 32% |
| 41 | SKÍFAN HF. | 3,54 | +/-0,31 | 34 | 50 | 24 | 58 | 7 | 4 | 28 | 19% |
| 42 | SKELJUNGUR HF. | 3,54 | +/-0,21 | 25 | 19 | 21 | 32 | 58 | 16 | 33 | 27% |
| 43 | HAGKAUP | 3,52 | +/-0,15 | 39 | 44 | 15 | 15 | 15 | 17 | 29 | 27% |
| 44 | KAUPÁS HF. (NÓATÚN O.FL.) | 3,47 | +/-0,15 | 19 | 13 | 20 | 21 | 8 | 11 | 41 | 22% |
| 45 | PENNINN HF. | 3,46 | +/-0,20 | 24 | 28 | 19 | 17 | 21 | 30 | 14 | 35% |
| 46 | RÚMFATALAGERINN EHF. | 3,45 | +/-0,39 | 17 | 8 | 27 | 36 | 3 | 8 | 51 | 21% |
| 47 | SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF. | 3,45 | +/-0,27 | 28 | 25 | 7 | 34 | 32 | 49 | 9 | 42% |
| 48 | FLUGLEIÐAHÓTEL HF. | 3,35 | +/-0,28 | 32 | 6 | 3 | 5 | 45 | 22 | 45 | 33% |
| 49 | FLUGLEIÐIR HF. | 3,32 | +/-0,10 | 25 | 26 | 4 | 22 | 20 | 3 | 32 | 36% |
| 50 | FLUGFÉLAG ÍSLANDS HF., AKUREYRI | 3,32 | +/-0,24 | 26 | 16 | 16 | 3 | 16 | 1 | 30 | 34% |
| 51 | HAGRÆÐI HF. (LYF OG HEILSA) | 3,28 | +/-0,29 | 5 | 31 | 6 | 22 | 12 | 8 | 14 | 29% |
| 52 | SAM-FÉLAGIÐ EHF. (SAMBÍÓIN) | 3,27 | +/-0,42 | 5 | 2 | 28 | 4 | 11 | 9 | 17 | 19% |
| 53 | RÚV | 3,07 | +/-0,10 | 2 | 5 | 1 | 7 | 30 | 5 | 22 | 29% |

## MINNI FYRIRTÆKI

| | | Heildareinkunn | Vikmörk | TRAUST | | | | STOLT | | STARFSANDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Trúverðugleiki stjórnenda | Virðing fyrir starfsfólki | Launakjör | Vinnuskilyrði | Stolt af starfi | Stolt af fyrirtæki | Starfsandi | Svarhlutfall í fyrirtæki |
| | HEILD (FJÖLDI ER 1148) | 3,84 | +/-0,04 | | | | | | | | |
| 1 | TANDUR HF. | 4,66 | +/-0,30 | 99 | 100 | 100 | 100 | 100 | 97 | 97 | 50% |
| 2 | REYKJAGARÐUR HF. | 4,65 | | 100 | 100 | 99 | 98 | 100 | 90 | 100 | 60% |
| 3 | DANÍEL ÓLAFSSON EHF. | 4,54 | +/-0,18 | 99 | 97 | 97 | 99 | 97 | 96 | 93 | 46% |
| 4 | DRESSMANN Á ÍSLANDI EHF. | 4,48 | +/-0,18 | 100 | 82 | 93 | 60 | 96 | 96 | 100 | 29% |
| 5 | HALLDÓR JÓNSSON EHF. | 4,45 | +/-0,14 | 97 | 92 | 77 | 98 | 98 | 99 | 97 | 59% |
| 6 | NET-ALBUM.NET HF. | 4,43 | | 95 | 93 | 100 | 87 | 91 | 86 | 87 | 57% |
| 7 | TEYMI HF. | 4,42 | +/-0,20 | 98 | 94 | 99 | 81 | 52 | 87 | 93 | 35% |
| 8 | EJS HF. | 4,41 | +/-0,38 | 98 | 85 | 96 | 62 | 91 | 94 | 95 | 33% |
| 9 | VEIÐARFÆRASALAN DÍMON EHF. | 4,39 | | 95 | 99 | 95 | 76 | 96 | 72 | 94 | 50% |
| 10 | ÁRDEGI EHF. | 4,36 | +/-0,35 | 94 | 99 | 98 | 94 | 86 | 90 | 66 | 43% |
| 11 | EIR, HJÚKRUNARHEIMILI | 4,36 | +/-0,18 | 96 | 97 | 87 | 96 | 91 | 89 | 84 | 50% |
| 12 | PRICEWATERHOUSECOOPERS EHF. | 4,33 | +/-0,44 | 93 | 68 | 88 | 90 | 84 | 95 | 96 | 52% |
| 13 | ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF. | 4,30 | | 89 | 69 | 88 | 80 | 90 | 95 | 94 | 44% |
| 14 | NETVERK EHF. | 4,29 | +/-0,66 | 80 | 38 | 97 | 93 | 96 | 44 | 97 | 20% |
| 15 | TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN | 4,28 | +/-0,42 | 88 | 21 | 76 | 84 | 93 | 98 | 98 | 57% |
| 16 | MAREL HF. | 4,28 | +/-0,25 | 91 | 80 | 75 | 67 | 94 | 92 | 96 | 32% |
| 17 | SAMEINAÐA LÍFTRYGGINGARFÉLAGIÐ HF. | 4,27 | | 86 | 92 | 95 | 95 | 82 | 54 | 81 | 71% |
| 18 | GLOBUS HF. | 4,27 | +/-0,28 | 87 | 98 | 87 | 24 | 99 | 100 | 83 | 29% |
| 19 | HVÍTA HÚSIÐ EHF. | 4,25 | +/-0,27 | 77 | 68 | 96 | 83 | 78 | 98 | 76 | 40% |
| 20 | ÖTULL EHF. | 4,22 | | 88 | 15 | 94 | 79 | 52 | 85 | 90 | 32% |
| 21 | SKRÁNINGARSTOFAN HF. | 4,22 | +/-0,39 | 85 | 96 | 94 | 97 | 62 | 12 | 83 | 27% |
| 22 | TÖLVUDREIFING HF. | 4,22 | +/-0,20 | 90 | 93 | 43 | 88 | 98 | 76 | 98 | 27% |
| 23 | BESTA EHF. | 4,19 | +/-0,28 | 91 | 84 | 89 | 79 | 73 | 69 | 66 | 60% |
| 24 | ALLIED DOMECQ SPIRITS & WINE HF. | 4,18 | | 93 | 90 | 66 | 47 | 88 | 76 | 92 | 50% |
| 25 | MÚLALUNDUR, VINNUSTOFA S.Í.B.S. | 4,18 | +/-0,26 | 96 | 83 | 71 | 91 | 89 | 81 | 49 | 88% |
| 26 | ÞENGILL EHF. | 4,17 | +/-0,45 | 81 | 77 | 97 | 65 | 35 | 65 | 70 | 40% |
| 27 | SH - ÞJÓNUSTA EHF. | 4,17 | +/-0,29 | 94 | 90 | 44 | 96 | 38 | 53 | 99 | 24% |
| 28 | OPIN KERFI HF. | 4,17 | | 92 | 51 | 91 | 65 | 74 | 87 | 54 | 21% |
| 29 | GOTT FÓLK McCANN-ERICKSON EHF. | 4,15 | +/-0,40 | 70 | 40 | 92 | 74 | 85 | 74 | 87 | 29% |
| 30 | MERKÚR HF. | 4,15 | +/-0,19 | 84 | 76 | 86 | 61 | 72 | 89 | 68 | 55% |
| 31 | ÖSSUR HF. | 4,15 | +/-0,53 | 82 | 75 | 85 | 67 | 39 | 98 | 70 | 39% |
| 32 | BAUGUR HF. | 4,14 | | 84 | 82 | 84 | 51 | 57 | 56 | 92 | 17% |
| 33 | ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF. | 4,13 | +/-0,37 | 90 | 16 | 84 | 18 | 93 | 69 | 95 | 40% |
| 34 | VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR | 4,13 | +/-0,32 | 72 | 79 | 90 | 94 | 80 | 68 | 50 | 59% |
| 35 | SMITH OG NORLAND HF. | 4,12 | | 78 | 86 | 89 | 82 | 36 | 81 | 55 | 41% |
| 36 | SORPEYÐING HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS | 4,09 | +/-0,10 | 89 | 42 | 81 | 68 | 94 | 72 | 33 | 45% |
| 37 | GRÓÐURVÖRUR EHF. | 4,08 | +/-0,34 | 68 | 85 | 68 | 84 | 80 | 82 | 71 | 36% |
| 38 | ÍSLENSK ERFÐAGREINING EHF. | 4,08 | +/-0,40 | 83 | 84 | 61 | 87 | 66 | 40 | 85 | 26% |
| 39 | THORARENSEN LYF EHF. | 4,07 | | 66 | 69 | 52 | 91 | 92 | 81 | 86 | 41% |
| 40 | V.M. EHF. (VERO MODA) | 4,07 | +/-0,24 | 82 | 34 | 73 | 61 | 64 | 77 | 76 | 38% |
| 41 | VERSLUNARSKÓLI ÍSLANDS | 4,07 | +/-0,27 | 61 | 88 | 93 | 71 | 33 | 86 | 40 | 44% |
| 42 | EÐAL EHF. | 4,05 | +/-0,20 | 86 | 41 | 55 | 83 | 82 | 77 | 62 | 56% |
| 43 | MELABÚÐIN, MATVÖRUVERSLUN | 4,04 | | 52 | 94 | 81 | 56 | 49 | 96 | 57 | 45% |
| 44 | JÓHANN ÓLAFSSON OG CO. EHF. | 4,04 | +/-0,91 | 53 | 60 | 78 | 67 | 62 | 62 | 88 | 39% |
| 45 | LÆKNISFRÆÐILEG MYNDGREINING EHF. | 4,03 | +/-0,30 | 69 | 80 | 46 | 97 | 56 | 76 | 78 | 29% |
| 46 | KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS | 4,03 | | 54 | 58 | 49 | 93 | 47 | 92 | 92 | 67% |
| 47 | ÁRMANN REYKJAVÍK EHF. | 4,03 | +/-0,15 | 64 | 89 | 91 | 62 | 92 | 57 | 20 | 20% |
| 48 | ÞRÓUN HF. | 4,02 | +/-0,25 | 68 | 46 | 81 | 34 | 33 | 64 | 90 | 28% |
| 49 | SAMEINAÐI LÍFEYRISSJÓÐURINN | 4,02 | +/-0,64 | 60 | 61 | 64 | 92 | 84 | 75 | 62 | 56% |
| 50 | LANDSTEINAR ÍSLAND HF. | 4,02 | | 75 | 45 | 72 | 53 | 60 | 61 | 77 | 45% |
| 51 | FJÖLMIÐLAVAKTIN-MIÐLUN EHF. | 4,01 | +/-0,35 | 87 | 94 | 37 | 44 | 76 | 78 | 75 | 39% |
| 52 | MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR SVF. | 4,01 | +/-0,51 | 46 | 66 | 75 | 63 | 68 | 91 | 62 | 31% |
| 53 | DELTA HF. | 4,00 | | 80 | 52 | 67 | 54 | 52 | 79 | 53 | 45% |

Í könnun VR á fyrirtæki ársins 2001, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir félagið, er lagt mat á ánægju starfsfólks og fyrirtækjunum raðað samkvæmt því. Ánægja er skilgreind miðað við ákveðna yfir- og undirþætti. Yfirþættirnir eru traust, stolt og starfsandi. Yfirþátturinn traust er flokkaður í fjóra undirþætti: trúverðugleika, virðingu, launakjör og vinnuskilyrði. Yfirþátturinn stolt er flokkaður í tvo undirþætti; stolt af starfi og stolt af fyrirtæki. Yfirþátturinn starfsandi er ekki flokkaður í undirþætti.

### Heildareinkunn

Hver þáttur fær einkunn á kvarðanum 1 til 5. Meðaltal þessara einkunna myndar heildareinkunn hvers fyrirtækis fyrir sig sem getur lægst orðið 1 en hæst 5. Hver þáttur hefur mismunandi vægi í heildareinkunn fyrirtækis. Yfirþátturinn traust hefur alls 60% vægi, þar af hefur undirþátturinn trúverðugleiki 20% vægi, virðing hefur 10% vægi, launakjör 20% og vinnuskilyrði 10%. Yfirþátturinn stolt hefur 20% vægi sem skiptist jafnt á milli undirþáttanna tveggja, stolt af starfi (10%) og stolt af fyrirtæki (10%). Yfirþátturinn starfsandi hefur alls 20% vægi.

### Einkunn fyrir undirþætti

Niðurstöðurnar eru í raun tvískiptar. Annars vegar er hverju fyrirtæki gefin heildareinkunn á bilinu 1 til 5. Hins vegar eru hverju fyrirtæki gefin stig fyrir hvern undirþátt. Sú stigagjöf nær frá 1 til 100 og byggir á þeirri einkunn sem fyrirtækin fengu fyrir hvern þátt nema hvað henni

# ÁRSINS 2001

## MINNI FYRIRTÆKI FRH.

| | | Heildareinkunn | Vikmörk | TRAUST | | | | STOLT | | STARFSANDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Trúverðugleiki stjórnenda | Virðing fyrir starfsfólki | Launakjör | Vinnuskilyrði | Stolt af starfi | Stolt af fyrirtæki | Starfsandi | Svarhlutfall í fyrirtæki |
| 54 | HUGUR HF. | 4,00 | +/-0,36 | 71 | 75 | 77 | 69 | 66 | 14 | 72 | 39% |
| 55 | ORKA-SNORRI G. GUÐMUNDSSON HF. | 3,98 | +/-0,52 | 74 | 81 | 80 | 71 | 74 | 65 | 15 | 44% |
| 56 | PRENTSMIÐJAN ODDI HF. | 3,98 | | 61 | 58 | 61 | 72 | 33 | 77 | 80 | 16% |
| 57 | BRIMBORG EHF. | 3,98 | +/-0,19 | 63 | 70 | 68 | 85 | 81 | 62 | 36 | 35% |
| 58 | ESJUBERG HF. | 3,98 | +/-0,56 | 50 | 95 | 58 | 75 | 61 | 62 | 77 | 29% |
| 59 | SAMSKIPTI EHF. | 3,98 | +/-0,77 | 73 | 33 | 69 | 18 | 95 | 60 | 74 | 42% |
| 60 | STRENGUR HF. | 3,97 | | 56 | 56 | 78 | 83 | 67 | 22 | 69 | 38% |
| 61 | J.S. HELGASON EHF. | 3,97 | +/-0,28 | 67 | 96 | 9 | 49 | 94 | 100 | 87 | 40% |
| 62 | KPMG ENDURSKOÐUN HF. | 3,96 | +/-0,63 | 42 | 13 | 63 | 92 | 71 | 87 | 78 | 23% |
| 63 | VÉLAVER HF. | 3,96 | +/-0,27 | 65 | 89 | 65 | 23 | 87 | 59 | 64 | 69% |
| 64 | ÍSLANDSFLUG HF. | 3,94 | | 46 | 91 | 76 | 57 | 65 | 24 | 60 | 47%4 |
| 65 | ÍSLENSK GETSPÁ SF. | 3,93 | +/-0,36 | 43 | 78 | 84 | 95 | 1 | 56 | 69 | 4% |
| 66 | HEIMSFERÐIR EHF. | 3,90 | +/-0,34 | 78 | 71 | 9 | 71 | 85 | 56 | 87 | 27% |
| 67 | SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG | 3,89 | | 59 | 24 | 71 | 46 | 41 | 90 | 29 | 43% |
| 68 | DREIFING EHF. | 3,88 | +/-0,41 | 79 | 41 | 28 | 29 | 89 | 44 | 85 | 36% |
| 69 | ISS ÍSLAND EHF. | 3,88 | +/-0,22 | 57 | 29 | 82 | 64 | 36 | 16 | 43 | 48% |
| 70 | SÓL-VÍKING HF. | 3,88 | +/-0,47 | 39 | 60 | 90 | 59 | 24 | 31 | 39 | 45% |
| 71 | OMEGA FARMA EHF. | 3,88 | | 40 | 74 | 55 | 90 | 55 | 80 | 30 | 73% |
| 72 | HÁESS EHF. | 3,87 | +/-0,34 | 27 | 56 | 85 | 17 | 75 | 85 | 52 | 26% |
| 73 | LOGOS SF. | 3,86 | +/-0,30 | 50 | 27 | 56 | 87 | 56 | 92 | 19 | 31% |
| 74 | BERNHARD EHF. | 3,85 | +/-0,17 | 34 | 78 | 56 | 66 | 47 | 18 | 78 | 22% |
| 75 | FRÓÐI HF. | 3,84 | | 44 | 86 | 69 | 45 | 54 | 49 | 25 | 21% |
| 76 | DELOITTE & TOUCHE HF. | 3,84 | +/-0,48 | 59 | 53 | 51 | 54 | 31 | 73 | 37 | 48% |
| 77 | A. KARLSSON HF. | 3,83 | +/-0,33 | 56 | 52 | 72 | 80 | 69 | 35 | 5 | 43% |
| 78 | RAUÐI KROSS ÍSLANDS | 3,83 | | 65 | 12 | 50 | 51 | 46 | 83 | 38 | 57% |
| 79 | VÖRUFLUTNINGAMIÐSTÖÐIN HF. | 3,83 | +/-0,35 | 57 | 78 | 29 | 35 | 18 | 49 | 89 | 26% |
| 80 | INNNES EHF. | 3,83 | +/-0,49 | 76 | 65 | 13 | 58 | 42 | 65 | 63 | 22% |
| 81 | SINDRA-STÁL HF. | 3,82 | +/-0,32 | 38 | 71 | 56 | 76 | 61 | 47 | 31 | 38% |
| 82 | HEIMILISTÆKI HF. | 3,80 | | 54 | 77 | 16 | 78 | 33 | 52 | 71 | 20% |
| 83 | MATBÆR EHF. (NETTÓ) | 3,79 | +/-0,30 | 47 | 37 | 62 | 57 | 10 | 27 | 59 | 18% |
| 84 | ÍSLENSK-AMERÍSKA VERSLFÉL EHF. | 3,78 | +/-0,70 | 55 | 36 | 39 | 82 | 35 | 54 | 31 | 50% |
| 85 | FERSKAR KJÖTVÖRUR HF. | 3,78 | +/-0,27 | 60 | 17 | 59 | 68 | 31 | 58 | 13 | 27% |
| 86 | HÓTEL BORG EHF. | 3,78 | | 40 | 74 | 41 | 11 | 99 | 89 | 33 | 50% |
| 87 | KAFFITÁR EHF. | 3,77 | +/-0,24 | 83 | 8 | 22 | 9 | 26 | 92 | 69 | 27% |
| 88 | GRIFFILL - SKEIFAN EHF. | 3,75 | +/-0,59 | 67 | 3 | 51 | 30 | 81 | 49 | 40 | 40% |
| 89 | BÓKSALA STÚDENTA | 3,75 | +/-0,37 | 66 | 71 | 21 | 28 | 62 | 44 | 50 | 45% |
| 90 | BLAÐADREIFING EHF. | 3,75 | | 51 | 73 | 33 | 63 | 23 | 33 | 42 | 38% |
| 91 | KJÖTUMBOÐIÐ HF. | 3,75 | +/-0,40 | 48 | 87 | 59 | 25 | 76 | 11 | 21 | 50% |
| 92 | LÍFEYRISSJÓÐUR VERSLUNARMANNA | 3,75 | +/-0,46 | 24 | 48 | 34 | 100 | 11 | 27 | 66 | 19% |
| 93 | BÓKUN SF. | 3,74 | | 19 | 71 | 63 | 31 | 81 | 37 | 41 | 50% |
| 94 | DOMUS MEDICA EHF. | 3,74 | +/-0,55 | 52 | 3 | 39 | 55 | 41 | 84 | 58 | 40% |
| 95 | SJÓKLÆÐAGERÐIN HF. | 3,72 | +/-0,31 | 38 | 87 | 44 | 20 | 50 | 30 | 46 | 31% |
| 96 | HÓTEL SAGA EHF. | 3,71 | +/-0,24 | 62 | 4 | 30 | 13 | 70 | 84 | 56 | 35% |
| 97 | ELKO EHF. | 3,71 | | 51 | 18 | 42 | 39 | 19 | 10 | 74 | 41% |
| 98 | NATHAN & OLSEN EHF. | 3,70 | +/-0,48 | 33 | 64 | 12 | 87 | 71 | 52 | 46 | 43% |
| 99 | BRÆÐURNIR ORMSSON EHF. | 3,70 | +/-0,36 | 34 | 88 | 40 | 6 | 77 | 67 | 37 | 26% |
| 100 | LÍFEYRISSJÓÐUR SJÓMANNA | 3,70 | +/-0,59 | 67 | 92 | 28 | 99 | 68 | 1 | 8 | 45% |
| 101 | LYFJA HF. | 3,70 | | 48 | 48 | 23 | 16 | 58 | 71 | 42 | 41% |
| 102 | BERGDAL EHF. | 3,69 | +/-0,78 | 22 | 67 | 66 | 43 | 13 | 32 | 19 | 100% |
| 103 | SNÆLAND VÍDEÓ EHF. | 3,67 | +/-0,22 | 49 | 18 | 48 | 19 | 17 | 20 | 50 | 63% |
| 104 | INTERSPORT EHF. | 3,66 | | 62 | 20 | 34 | 23 | 56 | 18 | 27 | 23% |
| 105 | BEDCO & MATHIESEN EHF. | 3,65 | +/-0,22 | 53 | 31 | 17 | 26 | 29 | 56 | 40 | 36% |
| 106 | FRIÐRIK SKÚLASON EHF. | 3,63 | +/-0,34 | 12 | 59 | 70 | 38 | 8 | 49 | 9 | 24% |
| 107 | INTRUM Á ÍSLANDI EHF. | 3,63 | +/-0,24 | 10 | 54 | 70 | 53 | 25 | 18 | 15 | 24% |
| 108 | SKÓLAVÖRUBÚÐIN EHF. | 3,63 | +/-0,21 | 26 | 46 | 53 | 8 | 48 | 37 | 26 | 43% |
| 109 | PLÚSFERÐIR EHF. | 3,62 | | 45 | 26 | 11 | 42 | 47 | 27 | 47 | 43% |
| 110 | HREYFILL SVF. | 3,61 | +/-0,80 | 14 | 15 | 52 | 89 | 13 | 39 | 12 | 44% |
| 111 | NÓI-SIRÍUS HF. | 3,60 | +/-0,29 | 28 | 59 | 17 | 12 | 51 | 70 | 46 | 39% |
| 112 | FÓLK EHF. | 3,60 | +/-0,46 | 31 | 67 | 8 | 35 | 50 | 53 | 48 | 45% |
| 113 | HÚSGAGNAHÖLLIN EHF. | 3,59 | | 37 | 49 | 38 | 12 | 27 | 29 | 24 | 43% |
| 114 | HAMPIÐJAN HF. | 3,59 | +/-0,47 | 16 | 98 | 10 | 52 | 17 | 40 | 38 | 33% |
| 115 | LYFJADREIFING SF. | 3,59 | +/-0,32 | 6 | 47 | 49 | 41 | 13 | 67 | 25 | 26% |
| 116 | KARL K. KARLSSON HF. | 3,58 | +/-0,47 | 11 | 14 | 34 | 74 | 78 | 9 | 47 | 18% |
| 117 | VERSLUNIN ÚTILÍF | 3,57 | | 15 | 50 | 18 | 4 | 5 | 67 | 85 | 20% |
| 118 | JOHAN RÖNNING HF. | 3,57 | +/-0,64 | 21 | 57 | 35 | 39 | 10 | 33 | 18 | 40% |
| 119 | FRUMHERJI HF. | 3,57 | +/-0,28 | 55 | 9 | 11 | 48 | 40 | 18 | 23 | 55% |
| 120 | LYFJABÚÐIR HF. | 3,56 | | 20 | 22 | 27 | 10 | 24 | 32 | 60 | 39% |
| 121 | ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSS. EHF. | 3,55 | +/-0,62 | 14 | 39 | 40 | 39 | 42 | 27 | 9 | 22% |
| 122 | RÆSIR HF. | 3,54 | +/-0,40 | 16 | 51 | 61 | 33 | 55 | 40 | 2 | 25% |
| 123 | S. GUÐJÓNSSON EHF. | 3,54 | +/-0,56 | 23 | 7 | 47 | 32 | 5 | 37 | 28 | 44% |
| 124 | Z-BRAUTIR OG GLUGGATJÖLD EHF. | 3,54 | | 17 | 11 | 19 | 17 | 21 | 27 | 78 | 50% |
| 125 | ACO HF. | 3,53 | +/-0,48 | 29 | 45 | 41 | 31 | 38 | 13 | 5 | 25% |
| 126 | KYNNISFERÐIR FERÐASKRIFSTOFA SF. | 3,53 | +/-0,49 | 30 | 7 | 26 | 20 | 78 | 33 | 21 | 27% |
| 127 | BÍLABÚÐ BENNA EHF. | 3,52 | +/-0,37 | 18 | 21 | 26 | 9 | 53 | 40 | 34 | 40% |
| 128 | METRÓ-NORMANN EHF. | 3,51 | | 11 | 34 | 83 | 6 | 9 | 6 | 8 | 29% |
| 129 | HEILSA EHF. | 3,51 | +/-0,62 | 13 | 19 | 51 | 7 | 17 | 13 | 35 | 31% |
| 130 | MÁLNING HF. | 3,50 | +/-0,41 | 12 | 43 | 15 | 75 | 28 | 29 | 11 | 50% |
| 131 | HÁSKÓLABÍÓ | 3,48 | | 13 | 17 | 12 | 40 | 2 | 35 | 72 | 45% |
| 132 | BAKARAMEISTARINN EHF. | 3,47 | +/-0,33 | 10 | 1 | 79 | 2 | 14 | 69 | 12 | 26% |
| 133 | REKSTRARVÖRUR EHF. | 3,45 | +/-0,33 | 15 | 35 | 14 | 8 | 20 | 72 | 15 | 17% |
| 134 | ODDUR SF. | 3,45 | +/-0,35 | 20 | 2 | 30 | 15 | 1 | 42 | 59 | 44% |
| 135 | MJÓLKURSAMSALAN Í REYKJAVÍK | 3,45 | | 29 | 51 | 2 | 48 | 60 | 38 | 22 | 48% |
| 136 | REK SF. | 3,42 | +/-0,31 | 23 | 6 | 13 | 3 | 59 | 62 | 17 | 88% |
| 137 | RÝMI EHF. | 3,39 | +/-0,56 | 30 | 14 | 18 | 27 | 26 | 42 | 1 | 40% |
| 138 | SLIPPFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK HF. | 3,38 | +/-0,26 | 1 | 32 | 32 | 13 | 16 | 45 | 13 | 46% |
| 139 | AKTIVERUM HF. | 3,36 | | 7 | 9 | 9 | 16 | 85 | 6 | 33 | 16% |
| 140 | GKS HF. | 3,34 | +/-0,57 | 9 | 56 | 8 | 11 | 68 | 3 | 19 | 57% |
| 141 | ÁGÚST ÁRMANN EHF. | 3,30 | +/-1,00 | 18 | 34 | 5 | 33 | 6 | 40 | 3 | 42% |
| 142 | FOSSBERG EHF. | 3,29 | +/-0,57 | 9 | 83 | 22 | 51 | 26 | 5 | 1 | 25% |
| 143 | ÞÓR HF. | 3,29 | | 3 | 12 | 35 | 1 | 23 | 10 | 15 | 71% |
| 144 | FÁLKINN HF. | 3,27 | +/-0,43 | 3 | 62 | 6 | 5 | 30 | 27 | 7 | 56% |
| 145 | EGILSSON HF. | 3,25 | +/-0,76 | 1 | 49 | 17 | 26 | 4 | 8 | 4 | 40% |
| 146 | ÍSPAN EHF. | 3,23 | | 6 | 10 | 5 | 47 | 3 | 15 | 7 | 42% |
| 147 | HÁSPENNA EHF. | 3,21 | +/-0,12 | 2 | 1 | 34 | 21 | 6 | 2 | 34 | 21% |
| 148 | MATA EHF. | 3,19 | +/-0,41 | 4 | 5 | 44 | 10 | 2 | 4 | 3 | 50% |
| 149 | NEYÐARLÍNAN HF. | 3,19 | +/-0,65 | 8 | 28 | 2 | 2 | 43 | 78 | 3 | 37% |
| 150 | PLASTPRENT HF. | 3,16 | | 8 | 25 | 4 | 29 | 15 | 2 | 4 | 48% |
| 151 | LYFJAVERSLUN ÍSLANDS HF. | 3,15 | +/-0,61 | 4 | 24 | 1 | 14 | 4 | 15 | 11 | 39% |
| 152 | ELLINGSEN EHF. | 3,13 | +/-0,35 | 7 | 11 | 3 | 1 | 9 | 27 | 6 | 47% |
| | | | +/-0,55 | | | | | | | | |
| | | | +/-0,30 | | | | | | | | |
| | | | +/-0,26 | | | | | | | | |
| | | | +/-0,49 | | | | | | | | |

hefur verið breytt í raðeinkunn. Stigagjöfin í hverjum undirþætti segir þannig til um hvar viðkomandi fyrirtæki stendur með tilliti til annarra fyrirtækja í könnuninni. Ef fyrirtæki er til að mynda með 54 stig fyrir þáttinn starfsanda eru 53% fyrirtækja með lægri einkunn fyrir þann þátt en 46% með hærri einkunn. Heildareinkunn fyrirtækis og raðeinkunn þess byggja á heildarlista fyrirtækjanna, þ.e. samanlögðum lista stærri og minni fyrirtækja.

### Stærð fyrirtækja

Fyrirtækjum í könnuninni var skipt í tvo hópa; stærri og minni fyrirtæki. Stærri fyrirtæki eru fyrirtæki þar sem starfa 50 eða fleiri félagsmenn VR en minni fyrirtæki þar sem félagsmenn VR eru 5-49 talsins.

### Þátttaka í könnuninni

Þátttakendur í könnuninni voru félagsmenn sem greitt höfðu félagsgjöld í a.m.k. þrjá mánuði. Skilyrði var einnig sett um að í fyrirtækinu ynnu a.m.k. fimm félagsmenn VR og reyndist það eiga við alls 527 fyrirtæki. Að auki var fyrirtækjum þar sem ekki störfuðu VR félagar boðin þátttaka sem og félagasamtökum. Tveir aðilar þáðu boðið; Orkuveita Reykjavíkur og RÚV. Heildarhópurinn taldi alls 12.072 manns og bárust svör frá 3.540 starfsmönnum í 454 fyrirtækjum. Unnt var að greina svör frá 205 fyrirtækjum eða 3.040 starfsmönnum. Sjá nánari upplýsingar um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar á heimasíðu VR, www.vr.is

# Umsóknum um orlofshús fjölgaði um 46% milli ára



Umtalsverð aukning varð í umsóknum um orlofshús og tjaldvagna fyrir sumarið 2001 ef miðað er við sumarið áður, eða alls 46%. Alls sótti 2.181 félagsmaður um orlofshús og tjaldvagna nú í sumar, en í fyrra voru þeir 1.492.

**Langflestir sóttu um hús í Miðhúsaskógi, sem segja má með sanni að sé flaggskip orlofssvæða VR með 20 orlofshús auk umsjónarhúss, heitum potti við hvert einasta hús og hreint út sagt ákaflega hlýlegt og skemmtilegt umhverfi á veðursælum stað. Engin furða að 609 félagsmenn sóttu um að komast þangað í sumar.**



Myndir: Kristján Maack

**Myndirnar eru frá orlofsparadísinni í Miðhúsaskógi, teknar sl. sumar.**

Síðan sóttu rúmlega 340 félagsmenn um að komast í orlofshús á Austurlandi, þar sem Mallorkaveðrið með um og yfir 25 stiga hita virðist vera nokkuð öruggt meðan við hér á suðvesturhorninu getum eins búist við rigningu og 10 stigum.

## Eyjarnar áhugaverðar

Svo við höldum áfram með fjölda umsókna, þá bárust 277 umsóknir um orlofshús á Húsafelli, þar sem VR á þrjú ný hús með heitum pottum í hinni víðkunnu útivistarparadís sem Húsafell vissulega er. Vestmannaeyjar eru nýr orlofsstaður í ár og voru þær vinsælar meðal félagsmanna, en 88 umsóknir bárust um dvöl í Eyjunum. Þá komu 57 umsóknir um hús í Súðavík.

## Enn hægt að fá tjaldvagn

Ennþá er hægt að fá leigða tjaldvagna á vissum tímabilum í sumar og auk þess eru nokkur hús laus eftir 24 ágúst. En alltaf er það svo að margir verða fyrir vonbrigðum þegar úthlutun liggur fyrir og í ljós kemur að þeir verða ekki í hópi þeirra félagsmanna sem fara með fjölskylduna eina sumarviku í gott orlofshús. Verst að ekki skuli vera mögulegt að gera öllum til hæfis og leigja þeim orlofshús sem vilja. En slíkt er að sjálfsögðu algerlega ómögulegt og þyrfti til þess heilar húsaþyrpingar í viðbót, sem aðeins yrðu notaðar á mesta álagstímanum en stæðu þá sennilega auðar þess á milli. Þessvegna verða úthlutunarreglur að koma til og úthluta eftir fyrirfram ákveðnum atriðum, svo sem punktum.

## Helgarleiga í haust

En rétt er að benda á einn kost fyrir þá sem ekki fengu úthlutun á í sumar. Nú er nefnilega verið að taka á móti pöntunum á helgarleigu eða vikuleigu á orlofshúsum í haust, eftir háorlofstímann. Vetrarleigan hefst 14. september og vikurnar þar á eftir og stundum allt framundir jól er að jafnaði ljómandi gott að skreppa í orlofshús. Það ættu menn að athuga. Nánari upplýsingar um allt þetta er að fá hjá VR í síma 510-1700.


Námsflokkar Reykjavíkur

SUMARSKÓLI
í íslensku fyrir nýbúa og útlendinga 4. júlí- 31. júlí 2001

➡ Nám fyrir fullorðna — Kvöld og morgunnámskeið
➡ Nám fyrir skólabörn — Morguntímar og leikjanámskeið e.h.

Pössun fyrir lítil börn – Innritun er hafin.

Nánari upplýsingar í síma 5512992

FULLORÐINSFRÆÐSLA

PRÓFADEILD
Innritun hefst: 30. ágúst 2001

ALMENNIR FLOKKAR – FRÍSTUNDANÁM
Innritun hefst: 11. september 2001

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA
Innritun hefst: 17. september 2001

Upplýsingar í síma: 551 2992. Fax: 562 9408.
Netfang: nfr@reykjavik.is http://www.namsflokkar.is

Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd.
Nýr kennslustaður: Miðgarður við Laufengi, Grafarvogi.

Svo lengi lærir sem lifir




# Lóritín

## KRÖFTUGT OFNÆMISLYF

DELTA
LYFJAÞRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

**Notkunarsvið:** Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.*

16.05.00.







# GISTING

Samvinnuferðir Landsýn fyrir hönd Ferðanefndar stéttarfélaganna gerðu eins og sagt var frá í hér í blaðinu samninga við nokkra hóteleigendur um stéttarfélagsverð á hótelgistingu. Afslátturinn felst í því að félagsmenn aðildarfélaganna fá tveggja manna herbergi á verði eins manns herbergis. Þessar upplýsingar verða félagsmenn að hafa undir höndum nú þegar háorlofstíminn er á næsta leiti og því birtum við þær enn á ný. Skynsamlegt er fyrir þá sem búast við að geta notað sér þessi tilboð að halda upplýsingunum til haga á góðum stað. Það getur sparað stórfé.

## Hótel Edda

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Verð samkvæmt verðlista fyrir eins manns herbergi er kr. 4.500. Morgunverður er ekki innifalinn. Misjafnt er hvenær Edduhótelin opna að sumri til, hafið samband beint við viðkomandi hótel. Framvísa ber stéttarfélagsskírteini.

**Edda Laugarvatn**
Sími: 486 1118

**Edda Laugar í Sælingsdal**
Sími: 434 1265

**Edda Núpur**
Sími: 456 8222

**Edda Laugarbakki**
Sími: 451 2904

**Edda Húnavellir**
Sími: 452 4370

**Edda Þelamörk**
Sími: 462 1772

**Edda Akureyri**
Sími: 461 1434

**Edda Stórutjarnir**
Sími: 464 3240

**Edda Eiðar**
Sími: 471 3803

**Edda Egilsstaðir**
Sími: 471 2775

**Edda Nesjaskóli**
Sími: 478 1470

**Edda Neskaupsstaður**
Sími: 477 1331

**Edda Skógar**
Sími: 487 8870

## Fosshótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 24 klst. Vinsamlega tilkynnið við bókun að um stéttarfélagsverð sé að ræða. Morgunverður innifalinn. Verð kr. 5.100 (án baðs) og 7.200 (með baði). Gildistími er misjafn, hafið samband beint við viðkomandi hótel. Framvísa ber stéttarfélagsskírteini.

**Fosshótel Bifröst í Borgarfirði**
Sími: 435 0005

**Fosshótel Stykkishólmur við Borgarbraut**
Sími: 430 2100

**Fosshótel Eyjaferðir Aðalgötu í Stykkishólmi**
Sími: 438 1450

**Fosshótel Áning Sauðárkrók**
Sími 453 6717

**Fosshótel Laugum Húsavík**
Sími: 464 3340

**Fosshótel Hallormsstað Egilsstöðum**
Sími: 471 1705

**Fosshotel Valaskjálf Egilsstöðum**
Sími 471 1000

**Fosshótel Reyðarfjörður**
Sími: 474 1600

**Fosshótel Vatnajökull**
Sími: 478 2555

## Lykilhótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Gildir eingöngu fyrir tveggja manna herbergi. Verð er misjafnt eftir hótelum og tímabilum, hafið samband beint við viðkomandi hótel. Framvísa ber stéttarfélagsskírteini.

**Lykilhótel Cabin í Reykjavík**
Sími: 511 6030

**Lykilhótel Örk í Hveragerði**
Sími: 483 4700

**Lykilhótel Valhöll á Þingvöllum**
Sími: 482 2622

**Lykilhótel Norðurland á Akureyri**
Sími: 462 2600

**Lykilhótel Mývatn á Mývatni**
Sími: 464 4455

# ARFÉLAGSVERÐ Í SUMAR

## FLUG

INNANLANDSFLUG
FRÁ REYKJAVÍK

| | Báðar leiðir | Skattur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Akureyri | 9.500 | 330 | 9.830 |
| Egilsstaðir | 9.500 | 330 | 9.830 |
| Höfn | 9.500 | 330 | 9.830 |
| Ísafjörður | 9.500 | 330 | 9.830 |
| Vestmannaeyjar | 7.800 | 330 | 8.130 |

Enn einu sinni birtum við hér skrá yfir stéttarfélagsverð á innanlandsflugi með Flugfélagi Íslands, sem samið var um ekki alls fyrir löngu.

Stéttarfélagsfargjaldið gildir allt árið nema frá 10. desember til 10. janúar, frá föstudegi fyrir Pálmasunnudag til fyrsta sunnudags eftir páska og frá sunnudegi vikuna fyrir frídag verslunarmanna til sunnudags eftir verslunarmannahelgi.

Ýmis fleiri skilyrði eru sett og hafa þau verið rækilega talin upp í síðustu tveim VR blöðum. Hér verður aðeins getið um fátt eitt, til dæmis það að til þess að fá stéttarfélagsverð þarf farþegi að sýna persónuskilríki og sanna rétt sinn til afsláttar. Það getur hann gert á þrjá vegu; 1. Framvísað félagsskírteini í aðildarfélagi. 2. Framvísað annarri viðurkenndri staðfestingu á að hann sé félagi. 3. Framvísað launaseðli þar sem fram kemur að hann greiði félagsgjöld til viðkomandi félags.

## Ævintýraferðir



„Rafting" í Hvítá

Fyrirtækið Íslenskar ævintýraferðir býður félagsfólki aðildarfélanna 15% afslátt af sanngjörnum ævintýraferðum ef pantað er innan 24 tíma og staðgreitt.

**Ævintýraferðirnar eru:**

- Snjósleðaferð á Langjökul, Mýrdalsjökul eða Vatnajökul.
  **Verð kr. 5.900 á mann.**
- Hundasleðaferð á Mýrdalsjökul.
  **Verð kr. 4.900 á mann.**
- River Rafting á Hvítá.
  **Verð kr. 4.100 á mann.**

## Rúta

Í sumar býðst félagsmönnum aðildarfélaganna sem samið hafa um stéttarfélagsverð 25% afsláttur frá listaverði á ákveðnum ferðum með áætlunarbílum frá BSÍ.

**Hér til hliðar er listi yfir ferðirnar sem í boði eru með afslættinum að þessu sinni og eins og sjá má eru þær farnar frá Reykjavík, Akureyri, Mývatni og Kirkjubæjarklaustri.**

Bæði er um að ræða ferðir með áætlunarrútu og svo ferðir með leiðsögn og ferðalengd er misjöfn, allt frá beinni ferð milli staða upp í þriggja daga ferð með leiðsögn. Áfangastaðir eru margir hinir athyglisverðustu svo sem Skaftafell, Kjölur, Kverkfjöll, Dettifoss, Lofthellir og Lakagígar svo valið sé af handahófi. En hvað sem því líður er sjálfsagt fyrir VR félagsmenn að nýta sér slík tilboð ef þeir eru á faraldsfæti. Hafa skal samband við BSÍ.

### FRÁ REYKJAVÍK:

Þórsmörk ........................................................(áætlunarrúta)
Landmannalaugar ...............................................(áætlunarrúta)
Fjallabak nyrðra
og að Skaftafelli ...............(áætlunarrúta, ekki hægt sem dagsferð)
Kjölur til Akureyrar ...............(áætlunarrúta, ekki hægt sem dagsferð)
Sprengisandur til Mývatns ......(með leiðsögn, ekki hægt sem dagsferð)

### FRÁ AKUREYRI:

Kjölur til Reykjavíkur ............(áætlunarrúta, ekki hægt sem dagsferð)
Kverkfjöll ......................................(3ja daga ferð með leiðsögn)

### FRÁ MÝVATNI:

Kverkfjöll ...............(3ja daga ferð með leiðsögn, einnig frá Húsavík)
Askja ..........................................................(með leiðsögn)
Sprengisandur til Reykjavíkur ...(með leiðsögn, ekki hægt sem dagsferð)
Dettifoss Super Tour ........................................(með leiðsögn)
Lofthellir ........................................................(með leiðsögn)
Grand Mývatn Tour ...........................................(með leiðsögn)

### FRÁ KIRKJUBÆJARKLAUSTRI:

Lakagígjar .....................................................(með leiðsögn)
Eldgjá ..........................................................(áætlunarrúta)
Fjallabak nyrðra til Reykjavíkur .............................(áætlunarrúta)


Við öll tækifæri
ora
VÖRUR

Opið alla daga ársins
8-24
LYFJA
Lágmúla 5
Sími 533 2300
Lyf á lágmarksverði

AVIS Alltaf betri verð
Avis mælir með Opel



Góður kostur
Útvegum bíla um allan heim
Hringdu og pantaðu núna!
Frábær kjör á bílaleigubílum
Sími: 533 1090
Dugguvogur 10
Fax: 533 1091 - E-mail: avis@avis.is

50% afsláttur af gleraugum*
- Full búð af nýjum umgjörðum.
- Daglinsur/ mánaðarlinsur/ margskiptar linsur.
- Stuttur afgreiðslutími.
- Veitum VR félögum 15% afslátt af gleraugum.

* Samkvæmt nýrri reglugerð VR gefst nú félagsmönnum möguleiki á að fá allt að 50% endurgreitt við kaup á nýjum gleraugum.

Nú er tækifæri að endurnýja gleraugun
GLERAUGAÐ
gleraugnaverslun
BLÁU HÚSIN VIÐ FAXAFEN
5682662
SUÐURLANDSBRAUT 50

MAARUD
Sími 575-5500
www.marud.is

Við öll tækifæri
ora
VÖRUR

HANKOOK
DEKK
Frábær dekk
á frábæru verði!
Jeppadekk

BARÐINN
SKÚTUVOGI 2 - SÍMI 568 30 80

# Af Evrópuvettvangi

## Kauphækkanir í Austurríki • Sabena segir upp 700 manns • Bankar lengur opnir í Þýskalandi • Írar greiða skaðabætur vegna kynjamismunar • 20% í hlutastörfum í Portúgal • Frysting launa á Spáni • Svíar setja strangari reglur um atvinnuleysisbætur

### Belgía

**Flugfélagið Sabena tilkynnir hópuppsagnir**

Ríkisflugfélagið Sabena í Belgíu hefur tilkynnt þau áform að segja eigi upp 700 starfsmönnum félagsins. Kemur þetta í kjölfar almennra frétta af hópuppsögnum hjá mörgum fyrirtækjum í Belgíu. Sabena hefur verið rekið með töluverðum halla undanfarið og er markmiðið með uppsögnunum að spara sem svarar 50 milljón Evrum (4.9 milljörðum ÍKR) á þessu ári.

### Ítalía

**Launahækkanir í kennarasamningum**

Nýr heildarkjarasamningur um kennaralaun var nýlega undirritaður af fulltrúum stjórnvalda á Ítalíu og flestum samtökum kennara. Hann felur í sér að mánaðarlaun kennara hækka að meðaltali um 155 Evrur (13.800 ÍKR). Nokkur samtök kennara hafa þó ekki samþykkt eða undirritað samkomulagið.

### Austurríki

**Endurskipulagning landssambands launþega**

Í Austurríki er verið að vinna að heildarendurskipulagningu á Alþýðusambandi verkalýðsfélaga (ÖGB) með það að meginmarkmiði að fækka aðildarfélögum.

Í dag eru 13 landssambönd aðilar að hinu austurríska Alþýðusambandi en samkvæmt tillögu Fritz Verzetnitsch, formanns ÖGB, ætti að stefna að því að fækka þeim í 8 svæðisbundin landsfélög. Formaðurinn vill einnig að hætt verði að skilja á milli launþega sem eru verkamenn og þeirra sem vinna skrifstofustörf. Helsta andstaða við tillögur Verzetnitsch hefur komið frá verkalýðsfélögum skrifstofufólks.

**Þrýstingur á hækkun kvóta innflytjenda**

Aukinn þrýstingur er á austurrísk stjórnvöld að hækka kvóta á fjölda atvinnu- og dvalarleyfa innflytjenda. Þetta myndi minnka spennu í tækni- og upplýsingageira en nú er töluverður skortur á tækni- og tölvumenntuðum starfsmönnum í Austurríki. Innanríkisráðherra hins íhaldssama flokks ÖVP, Ernst Strasser, hefur nýverið hvatt til þess að kvótinn verði aukinn vegna mikils þrýstings frá upplýsingatæknifyrirtækjum.

Nokkur ágreiningur var um málið í samsteypustjórn ÖVP og hinna róttæku hægrisinna í FPÖ flokknum sem ekki vildu breyta kvótum. Eftir margra mánaða þref tókst loks samkomulag um að kvóti ársins 2001 verði sá sami og fyrir árið 2000, þ.e. 8.518 dvalarleyfi, en að fjöldi leyfa vegna sérfræðistarfa verði aukinn úr 1.010 í 1.613 svo fleiri tölvufræðingar geti flutt til landsins.

**Kauphækkanir árið 2000**

Kauphækkanir í aðalkjarasamningum árið 2000 voru í Austurríki að meðaltali 2,1% hærri en árið 1999. Verkamenn fengu aðeins meiri hækkanir en aðrir eða um 2,3%, skrifstofufólk, 2,1% en minnsta hækkun fengu opinberir starfsmenn eða 1,6%.

### Þýskaland

**Ríkisstjórnin þrýstir á lengri opnunartíma banka**

Sambandsstjórnin í Þýskalandi hefur hvatt til meiri sveigjanleika í opnunartíma banka undir lok ársins. Er það til að bankastarfsmenn geti betur mætt þeirri auknu vinnu sem mun fylgja komu Evruseðla og peninga þann 1. janúar 2002. Ríkisstjórnin vill að vinnuvikan geti verið allt að 70 stundir í takmarkaðan tíma í enda ársins en sambönd bankamanna hafa gagnrýnt þessar hugmyndir og kallað þær „félagslega óábyrgar“.

### Írland

**Hæstu skaðabætur vegna kynjamismununar**

Hæstu skaðabætur sem greiddar hafa verið á Írlandi vegna kynjamismununar voru nýlega greiddar fyrrverandi kvenkyns starfsmanni mjólkurafurðafyrirtækisins Golden Vale. Var þetta vegna mismununar sem konan varð fyrir áður en henni var sagt upp störfum. Í mars 1999 var henni sagt að karlmaður myndi taka við starfi hennar og hún flutt í starf sem áður heyrði undir hennar valdssvið. Hún mótmælti þessu og var boðið til samningafundar þar sem reyna átti að miðla málum. Þegar vinnuveitendur hennar fréttu að hún væri barnshafandi var henni umsvifalaust sagt upp störfum. Málinu var vísað til Rannsóknarnefndar jafnréttismála sem komst að þeirri niðurstöðu að Golden Vale hefði brotið jafnréttislög og mælti fyrir um skaðabætur að upphæð 85.000 pund (9.6 milljónir ÍSK).



**Í Austurríki hyggjast menn endurskipuleggja Alþýðusamband verkalýðsfélaga í landinu.**

### Portúgal

**Mikið um tilfallandi vinnu og hlutastörf**

Ný könnun hagstofu Portúgal (INE) leiðir í ljós að 20% launamanna í Portúgal eru aðeins ráðin í tilfallandi vinnu. Einnig leiddi könnunin í ljós að gríðarleg aukning hefur verið á að fólk sé ráðið í hlutastörf. Samtök launafólks hafa tekið þessum tíðindum með því að gagnrýna stjórnvöld fyrir að standa að lausráðningu starfsfólks við verkefni á vegum hins opinbera. Samkvæmt könnuninni eru það helst ungar og ómenntaðar konur sem eru lausráðnar.

### Spánn

**Deilur um frystingu launa hjá hinu opinbera**

Á Spáni hafa samtök launafólks hjá hinu opinbera mótmælt tregðu stjórnvalda til að bæta kaupmáttartap sem varð vegna frystingar opinberra launa frá árinu 1997. Þrátt fyrir að fyrir liggi Hæstaréttardómur um að ríkinu beri að bæta kaupmáttartap er enn þráttað um málið þar sem fulltrúar ríkisins segja þetta hafa verið nauðsynlegt til að mæta hallarekstri ríkissjóðs.

### Svíþjóð

**Strangari reglur um atvinnuleysisbætur**

Í Svíþjóð hafa nú tekið gildi mun strangari reglur um fyrirkomulag atvinnuleysisbóta en áður giltu og er hinum nýju reglum ætlað að fækka langtímaatvinnulausum. Atvinnulausum er gert að taka þeim störfum sem eru laus jafnvel þótt þau séu í öðrum landshlutum. Eftir 100 daga á bótum verður bótaþegi að þiggja starf jafnvel þótt hann þurfi að flytja búferlum eða ferðast langan veg til vinnu, að öðrum kosti falla bætur niður.

*Árni Leósson*


Grillum
í sumar!
10-11
-þegar þér hentar
Opið alla daga til kl. 23:00
Austurstræti • Austurströnd • Barónsstíg • Seljavegi • Glæsibæ • Grímsbæ • Laugalæk • Lágmúla 24 • Arnarbakka • Sporhömrum
Langarima • Engihjalla • Hjallabrekku • Garðabæ • Setbergi Hf • Firði Hf • Holti Hf • Keflavík • Borgarnesi • Stykkishólmi • Kaupangi Akureyri • Egilsstöðum
Stafræna hugmyndasmiðjan / 2558

Hvað heitir þú? - hverra manna ertu?

VERNDUM VINNU - VELJUM ÍSLENSKT!

**ER ÆTTARMÓT Í UPPSIGLINGU?**

Á stóru ættarmóti er tilvalið að næla nöfn þátttakenda í barm þeirra. Í Múlalundi færð þú barmmerki fyrir þetta eða önnur tilefni. Einnig fást þar plastmöppurnar þægilegu fyrir ljósmyndirnar.
Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 562 8501 eða 562 8502.



Múlalundur
Vinnustofa SÍBS
Símar: 562 8501og 562 8502




LÝÐUR BJÖRNSSON

# Bretarnir vildu – héldu svín og

Í síðustu grein var Savignacs kaupmanns getið en hann kom með Jörundi hundadagakonungi til landsins árið 1809. Næsta ár kom John Parker konsúll til Reykjavíkur og átti að hafa umsjón með verslun Englendinga í Reykjavík. Parker þótti ráðríkur með afbrigðum og gæta hagsmuna Englendinga af hörku. Hann var sagður neita um torfengnar vörur nema greiði kæmi í staðinn, banna landsmönnum að selja öðrum en Englendingum fisk og heimta skýrslur af kaupmönnum um þær vörur sem þeir fermdu með skip sín.

**Taka ber fram að Napóleonsstyrjaldirnar stóðu sem hæst á þessum árum og Danir fylltu flokk hans en enski flotinn var allsráðandi á höfunum eins og svo oft á 19. öld. Íslendingum þóttu verslunarhættir ámælisverðir eins og fram kemur í eftirfarandi bréfkafla frá Geir biskupi Vídalín frá 28. ágúst árið 1812:**

„Kauphöndlun vor þykir flestum bág, ekki síst þeim, sem ekki hafa nema pappírspeninga, sem nú eru, og svo hér, teknir að verða í litlu gildi. Af undanteknu nokkru af byggi, er kaupstaðurinn hér matarlaus, og lítið er um járn og færi. Fisk sinn nærfellt allan hafa kaupmenn selt til sveitarmanna, og það, sem eftir var, hefir J. Boli etið, svo hér er nú ekki heldur fisk að fá.“

## Egg og beikon

Savignac var hér viðloðandi til hausts 1812. Hann hélt hér svín mörg og ollu þau skemmdum á fiski á reitum og í stakkstæðum. Þetta var kært til bæjarfógeta sem úrskurðaði og halda bæri svín í girðingum eða láta gæta þeirra, lausaganga þessara dýra væri óheimil. Bretar hafa sjálfsagt haldið hér svín til að eiga kost á hinum þjóðlega morgunverði, eggjum og beikoni.. Sumarið 1812 fór Savignac ásamt fleiri Englendingum út í Andríðsey og rændu þeir þar eggjum og dúni. Þeir komu einnig við í Engey og drápu þar fugl og börðu á tveimur heimamönnum. Jón Espólín kveður heimamenn þessa hafa reynt að koma í veg fyrir fuglaveiðar Englendinganna og hafi annar þeirra flogið á Savignac og haft hann undir. Þá hafi félagar Savignacs komið honum til aðstoðar og sært þann, sem við hann fékkst, á hnakka og barið hinn til blóðs. Bæjarfógeti ritaði Bretum og minnti þá á að breska stjórnin hafi hinn 7. febrúar 1810 gefið út bann gegn valdbeitingu á Íslandi. Fór því svo að þeir Savignac urðu að bæta áverkana við heimamenn í Engey.

## Enska verslunin

Firmað Horne & Stockton í Liverpool hóf hér verslun árið 1815. Verslunarstjóri þess hér hét James Robb. Leyfi Horne & Stockton rann út árið 1815 og var ekki endurnýjað. Sama ár var hafnað umsókn frá öðru fyrirtæki í Liverpool um að fá hér verslunarleyfi, Titherington & Allanson. James Robb varð eftir og keypti árið 1816 húseignina Hafnarstræti 8 og hóf þar verslun. Hann kvæntist íslenskri konu, Valgerði Ólafsdóttur úr Hafnarfirði. Þau eignuðust sex börn sem komust til aldurs, tvær dætur sem báðar gifust Moritz kaupmanni Biering, Ingibjörgu og Jane, Carl Ole stúdent, James söðlasmið, Jón gullsmið og kaupmann og Hans kaupmann. James Robb verslaði í húsi þessu til dánardægurs 1846 og eftir hann synir hans Carl og Hans. Gekk húsið því undir nafninu Robbshús og verslunin enska verslunin. Hún var við lýði í 60 ár eða þar um bil. Þorfinnur Jónatansson stúdent rak síðan verslun í húsinu í nokkur ár á 8. áratugnum, en hinn 17. júní 1881 opnaði Þorlákur Ó. Johnson þar verslun.

Þorfinnur var ættaður úr Blönduhlíð í Skagafirði, en Þorlákur var sonarsonur Einars Jónssonar, föðurbróður Jóns Sigurðssonar forseta, sonur séra Ólafs E. Johnsons prests að Stað á Reykjanesi við Breiðafjörð.

## Ættfeður til Reykjavíkur

Fyrstu tugi 19. aldar settust ættfeður ýmissa ætta að í Reykjavík og settu þeir og afkomendur þeirra mikinn svip á bæinn á 19. öld og síðar. Flestir voru þessir menn af erlendum ættum og komu

# egg og beikon
# g stálu eggjum

sumir til bæjarins beint frá einhverjum hluta Danmerkur, en aðrir komu til bæjarins eftir að hafa verið kaupmenn í einhverjum verslunarstað hér á landi. Dæmi voru þess að sumir þeirra hafi lent í miklum þrengingum. Hér verður nokkurra þessara mann getið og greint frá afkomendum ef þeir stunduðu kaupmennsku eða skyld störf í Reykjavík.

Hendrich Hansen var í fyrstu afgreiðslumaður við Hólmsverslun, en fékk borgararéttindi í Reykjavík og rak verslun í útbúðastaðnum Básendum í félagi við annan mann. Þar varð Hansen fyrir þeirri lífsreynslu að fara á flot í bókstaflegri merkingu og lýsir atburðinum svo í skýrslu, sem séra Jón Thorarensen birti í Rauðskinnu sinni:

„Eftir að við öll (ég, kona, 4 börn og vinnukona) vorum háttuð, varð ég þess var um nóttina (á að giska kl. 2) hversu veðrið af suðri til vesturs magnaðist, svo að iðuglega fór að braka í húsunum. Þar að auki fóru að heyrast skellir, hver eftir annan, eins og veggbrjótur væri að vinna á hlið hússins og undirstöðu. Af þessu fór ég á fætur, til þess að líta eftir veðrinu og vita, hvað á gengi úti. Þrátt fyrir svart myrkrið lauk ég upp húsdyrum eldhúsmegin, og þá þegar braust sjórinn inn á mig, með svo miklu afli og straum, að fyllti herbergin á lítilli stundu. Flúðum við þá í skyndi upp á húsloftið, hálfnakin upp úr rúmunum, því við óttuðumst, að við mundum farast í sjónum niðri, þar sem íbúðin var. Og í myrkrinu þorðum við ekki út úr húsinu, bæði vegna æðandi brimaldanna og rjúkandi ofviðris, vissum við líka, að allt umhverfis húsin var hulið sjó. Og megum víst þakka guði, að við gripum þá ekki það óyndis úrræði, því þá hefðum við öll farist. Þarna stóðum við nú langan tíma á loftinu í sífelldum dauðans ótta, að veður og sjór mundi þá og þegar mola húsið niður að grundvelli. Ofviðrishrinurnar og brimið lamdi sífellt á húsinu, svo það var nú farið að brotna, mótstöðuafl þess rýrnaði og sjórinn streymdi út og inn.




**Myndin af krambúðinni Duus verslun í Aðalstræti 2 var tekin árið 1907 og er verslunin vandlega skreytt með fánum og krönsum eins og sjá má, vafalaust vegna þess að kóngur Danmerkur – og Íslands kom hingað í heimsókn á því ári. Takið eftir að vegfarendur eru allir með höfuðföt, unglingarnir meðtaldir – breyting frá því sem nú gerist. –** Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Hér um bil kl. 7 (að við héldum) treystumst við ekki lengur að geta bjargað lífinu þarna á loftinu. Braut ég því gluggann á norðurhliðinni. Þar smugum við öll út, eins og við stóðum (hálfnakin). Ég vóð með yngsta barnið á handleggnum, þar sem sjórinn flæddi yfir og skolaði með sér borðum, plönkum, fjármunum og búsáhöldum. Náðum þó fjósinu með mestu erfiðismunum og lífshættu. Fjósið stendur svolítið hærra og fjær sjónum en íbúðarhúsið. En tæplega höfðum við dvalið þar fjórðung stundar, þegar mæniásinn brast í fjósinu. Við urðum því að flýja þaðan aftur, og til hlöðunnar. Annar gaflinn var brotinn af henni, en í staðinn var þar kominn hlaði af trjáviðardóti, er við urðum að skríða yfir, með mikilli hættu, til að komast inn.

Framhald á næstu síðu


Settu hlýjan svip á heimilið eða í sumarbústaðinn. Úrvalið er hjá okkur



Tré-
rimlagluggatjöld
stuttur afgreiðslutími

Z-brautir & gluggatjöld

Faxafen 14 | 108 Reykjavík | Sími 525 8200 | Fax 525 8201 | Netfang www.zeta.is

Björgvin -8963702

Við
öll tækifæri
ora
VÖRUR

# Fátæku hjónin hjartagóðu

Framhald

Þarna stóðum við skjálfandi nokkurn tíma, uns veðrið fór með nokkuð af þakinu, en hinn hlutinn blaktaði fram og aftur, eins og blaðsnepill.

Til þess enn að reyna að bjarga lífinu, gerðum við síðustu tilraun, yfirgáfum eyðilagðan kaupastaðinn, leiddumst öll saman og héldum áleiðis til byggða. Vóðum svo og skriðum í rokinu, uns við eftir miklar þrautir náðum að næstu hjáleigu, er nefndist Lodda (Loðvíksstofa), rétt hjá Stafnesi. Fátæki bóndinn þar, Jón Björnsson og kona hans, tóku á móti okkur – sem vorum nærri örmagna af kulda, áreynslu og hugsýki – með mestu alúð og hjartagæsku.“

## Básendaflóðið

Náttúruhamfarir þessar riðu yfir 9. janúar 1799 og taka nafn af Básendum, Básendaflóðið. Hendrich Hansen lét gera við búðina vorið 1799 og virðist hafa verslað þar það sumar og hið næsta. Jafnframt byggði hann hús í Keflavík og fluttist þangað. Hann skuldaði 2149 rd. vegna kaupa á eignum Konungsverslunarinnar síðari á Básendum og sótti um eftirgjöf á henni vegna fyrrnefnds tjóns, 4000 rd. vaxtalaust lán til fimm ára og heimild til að setjast að í Keflavík. Svar barst fyrst sumarið 1800. Hansen var veitt eftirgjöf á hálfri skuldinni og eins árs greiðslufrestur á afgangnum með því skilyrði að hann byggði aftur upp á Básendum. Af því varð ekki og féll verslun á Básendum niður. Hansen féll frá árið 1802, en ekkjan, Sigríður Sigurðardóttir frá Götuhúsum, fluttist til Reykjavíkur með börnum sínum. Þau hjón áttu alls 9 börn og komust að minnsta kosti fjórir synir til aldurs, Básendabræður, Hans Símon kennari, Símon kaupmaður og matsborgari, Jóhann Friðrik bakari og Pétur beykir. Árið 1812 keypti Sigríður eða Símon Smiðshúsið svonefnda (Pósthússtræti 15) og byggði nýtt hús á lóðinni um 1820. Símon rak verslun á horni Veltusunds og Hafnarstrætis um árabil. Þeir Básendabræður kvæntust allir íslenskum konum. Af afkomendum þeirra má nefna Hannes Thorsteinsson bankastjóra, og H. P. Hansen, lyfsala á Akureyri. Sigríður móðir Básendabræðra andaðist 1813 og Símon kaupmaður árið 1847.

## „Madama Gvöni Möller“

Ole P. Chr. Möller fluttist til Reykjavíkur árið 1810 en hafði áður unnið við verslun í Ólafsvík. Hann var kvæntur danskri konu og áttu þau hjón mörg börn. Eitt þeirra, dóttirin Marie, varð amma Níelsar Finsens, hins fræga vísindamanns og bróðir hennar, Chr. Ludvig Möller gestgjafi, varð afi Jakobs Möllers, alþm. og ráðherra. Jóhann Georg lyfsali var faðir Emils, lyfsala í Stykkishólmi, og tengdadóttirin, Guðný Möller, „madama Gvöni Möller“ rak matsölu á horni Austurstrætis og Vallarstrætis um árabil. Eiginmaður Guðnýjar, Hans Petersen verslunarmaður, féll frá ungur að árum. Guðný hafði þann sið að svara bæði á íslensku og dönsku enda voru margir Reykvíkingar þá tvítyngdir, þó alls ekki allir. Jón Thoroddsen lætur eina aukapersónuna í Pilti og stúlku, húsmóður í Reykjavík, sem Indriði gistir hjá, hafa þennan sið og fer ekki á milli mála hvert fyrirmyndin er sótt.

Ole P. Chr. Möller var frá Sjálandi (f. 1777). Hann byggði verslunarhús á lóðinni Austurstræti 14 árið 1834 og bjó Guðný tengdadóttir hans þar síðar. Talið er að fjárhagur hans hafi löngum verið heldur þröngur. Ole naut þó verulegs trausts og gegndi til dæmis lengi stöðu bæjargjaldkera. Hann dó árið 1842.

## Grósserinn Knutson

Annar merkur kaupmaður hóf rekstur í Reykjavík skömmu síðar en Ole P. Chr. Möller og vegnaði mun betur enda langoftast kallaður grósserinn. Þetta var P. Chr. Knudtzon. Hann hóf verslunarrekstur í Reykjavík árið 1814 og mun þá hafa verið 25 ára gamall, enda sagður fullra 75 ára þegar hann lést í nóvembermánuði 1864. Knudtzon var tengdasonur Jes Thomsens frá Nordborg og erfði eina af verslunum hans. Hann færði fljótlega út kvíarnar og átti um miðja öldina tvær verslanir í Reykjaví, aðra að Hafnarstræti 10-12 og var það miðstöðin og hina að Austurstræt 18, og auk þess útibú í Hafnarfirði, Keflavík og Vestmannaeyjum. Austurstræti 18 eignaðist Knudtzon árið 1833. Þá var Langastétt farið að byggjast fyrir alllöngu (Lange Fortoug – Austurstræti). Knudtzon sat í Kaupmannahöfn en kom til Íslands hvert sumar á árunum 1826-1838 og ferðaðist á milli verslana sinna, leit eftir rekstrinum og samdi um helstu viðskiptin. Annars sáu verslunarstjórar (faktorar) um verslunina og fengu þeir orð fyrir að vera áreiðanlegir í viðskiptum. Verslanir Knudtzons voru taldar betur birgar af vörum en aðrar búðir og hann gæta þess að vera nægilega birgur af peningum til að geta greitt mönnum af innistæðum í reiðufé.

Ekki verður af heimildum ráðið hvort einhver verkaskipting hefur verið á milli verslana Knudtzons í Reykjavík. Slíkt er ekki ósennilegt enda hefur Knudtzon vafalaust þekkt þann hátt frá Kaupmannahöfn. Annars er með ólíkindum að einhver skyldi reka tvær verslanir í Reykjavík á 5. tug 19. aldar. Kjörskrá bæjarins fyrir árið 1849 getur níu kaupmanna í bænum og eru þá ótaldar verslanir, sem faktorar stýrðu, til dæmis verslanir Knudtzons. Heimili í Reykjavík voru 62 árið 1850 og íbúar 357.

Framhald á bl. 28



Opið: 9 - 18, laugard. 10-14
Garðatorgi 3 • S: 565 6680

Öruggari heimur með MAXI-COSI®



MAXI-COSI Citi
Priori MAXI-COSI
MAXI-COSI Rodi
Fífa
KLAPPARSTÍG 25-27
SÍMI: 552 2522




LAUNAMIÐINN

# 10 ára vinningur!

## Þú gætir unnið:

# 100.000 kr. á mánuði í 10 ár
# 120 sinnum 100.000 kr.

| 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | | 2006 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. jan. | | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- |
| 1. feb. | | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- |
| 1. mars | | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- |
| 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- |
| 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- |
| 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- |
| 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- |
| 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- |
| 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- |
| 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- |
| 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- |
| 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- |

| 2007 | | 2008 | | 2009 | | 2010 | | 2011 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- | 1. jan. | 100.000 kr.- |
| 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- | 1. feb. | 100.000 kr.- |
| 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr.- | 1. mars | 100.000 kr |
| 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr.- | 1. apr. | 100.000 kr |
| 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | 100.000 kr.- | 1. maí | |
| 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | 100.000 kr.- | 1. júní | |
| 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | 100.000 kr.- | 1. júlí | |
| 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | 100.000 kr.- | 1. ág. | |
| 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | 100.000 kr.- | 1. sept. | |
| 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | 100.000 kr.- | 1. okt. | |
| 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | 100.000 kr.- | 1. nóv. | |
| 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | 100.000 kr.- | 1. des. | |



HAPPA ÞRENNAN

LAUNAMIÐINN
- skattfrjáls skafmiði

LANDSBRÉF
samstarfsaðili HHI

GEVALIA
– það er kaffið – Sími 575-5500
www.kaffi.is

Europcar
Bílaleiga Akureyrar
ÚTIBÚ UM ALLT LAND
ÞJÓNUSTA
SEM ÞÚ GETUR TREYST
Reykjavík 568-6915 Akureyri 461-3000
europcar@europcar.is www.europcar.is

SIEMENS
Símstöðvar
Hicom
tengir þig
við umheiminn
Símstöð frá Siemens hittir í mark!
Fjölbreyttir möguleikar ISDN-símkerfanna frá Siemens nýtast breiðum hópi notenda allt frá einstaklingum upp í stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins.
Við bjóðum afbragðsbúnað, fyrsta flokks þjónustu og hagstætt verð. Láttu í þér heyra.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • 105 Reykjavík • Sími 520 3000
Nánar á Netinu!
www.sminor.is/pabx.html
ODDI HF G8278



Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Verslunin Edinborg vandlega skreytt í tilefni konungskomunnar 1907.

# Gísli bakari í KAUPMANNAHÖFN

Framhald

## Knudtzon naut virðingar

Knudtzon naut virðingar borgaranna og var haft á orði að þau ein ráð þættu álitleg sem hann aðhylltist ef hann var í landinu. Hann virðist hafa átt til að láta menn kenna aflsmunar ef þeir veittu samkeppni. Hans Baagöe hafði verið faktor hjá Knudtzon en byggði um 1830 hús á lóðinni Austurstræti 10 og hóf þar verslun. Knudtzon var ekkert um þetta framtak gefið. Hann hafði umráð yfir lóðinni sunnan húss Baagöes og byggði þar hús svo háreist að það tók fyrir alla birtu í hús Baagöes. Hús þetta var kallað Drillenborg. Baagöe flutti því í húsið Hafnarstræti 18 og verslaði þar í nokkur ár. Jón Johnsen frá Ármóti keypti húsið 1846 en seldi það eftir fá ár(Melstedshús). Mun þetta fyrsta dæmið um deilur í Reykjavík um útsýni og birtu.

## Rúgbrauðsbakarinn Bernhöft

Myllu lét Knudtzon byggja á Hólavelli og byggði 1834 brauðgerðarhús austan Lækjar. Hann fékk einnig Tönnis D. Bernhöft rúgbrauðsbakara til bæjarins til að veita brauðgerðinni forstöðu. Knudtzon seldi Bernhöft brauðgerðina 1845. Fyrirtækið starfar enn og er vafalítið elsta starfandi fyrirtæki landsins eftir að Reykjavíkur apótek lagði upp laupana. Frá Bernhöft er kominn mikill ættbogi og hefur bakaraiðn erfst frá föður til sonar. Bernhöft er oft talinn vera fyrsti iðnlærði bakarinn hér á landi en ekki er það fullvíst. Jóhann Friðrik Hansen er titlaður bakari í samtímaheimildum og kann að hafa lært iðnina enda vitað að hann dvaldist erlendis um skeið. Þá stunduðu þeir félagar Henrich Scheel og Jóhannes Zoëga brauðgerð í Reykjavík fyrir aldamótin 1800 en þeir lögðu á margt gjörva hönd. Faðir Jóhannesar var fógeti í Höjer í Danmörku en ættin er talin ítölsk að uppruna og kynni hinn fyrsti Zoëga að hafa komið til Danmerkur með leikflokki. Jóhannes Zoëga var afi Geirs Zoëga hins þekkta kaupmanns og útgerðarmanns.



## Gísli bakari í Kaupmannahöfn

Óvíst er um menntun þeirra Scheels og Jóhannesar Zoëga í bakaraiðn. Á hinn bóginn er vitað að íslenskur bakari starfaði í Kaupmannahöfn um 1790. Sá hét Gísli Jónsson. Óvíst er með öllu hvenær eða hvar hann lærði iðn sína.

Knudtzon hlaut hin bestu eftirmæli. Alllöng minningargrein um hann birtist í Þjóðólfi 28. október 1864 en það blað lagði ekki í vana sinn að hæla erlendum kaupmönnum að ófyrirsynju. Eftirmælunum lýkur með þessum orðum:

„Knudtzons stórkaupmanns mun því bæði lengi og að góðu getið í annálum vorum, ekki aðeins sakir kaupmanns auðnu sinnar og allrar röggsemi, dáðar og dugnaðar nú um fulla hálfa öld, heldr einnig fyrir það, að hann hefir viljað efla sannan og verulegan hag og viðgang þessa lands flestum kaupmönnum fremr.“

Þess ber að geta sem vel er gert. Kaupmennirnir Carl. F. Siemsen og Knudtzon keyptu húseignina Hafnarstræti 14 um 1860. Þá var rætt um að stofna til barnaskóla í Reykjavík og gáfu þeir kaupmennirnir þá húseign þessa undir skólann. Þar var barnaskólinn síðan til húsa í tvo áratugi.

Ekkja Knudtzon rak verslanir hans til 1870 en fékk þær þá í hendur N. H. Knudtzon, syni þeirra hjóna. Hann rak verslunina til ársins 1895 en þá var hún seld. Kaupendur voru Ásgeir Sigurðsson og Skotarnir Copland og Berrie. Þeir nefndu verslun sína Edinborg og segir síðar af henni.

**Þessari stórgóðu frásögn Lýðs Björnssonar, sagnfræðings, um verslanir í Reykjavík, sem vitanlega á óvíða betur heima en í blaði verslunarfólks á Reykjavíkursvæðinu, verður fram haldið í einhverju næstu tölublaða VR blaðsins.**

# 10 ára *uppbyggjandi samstarf*

hefur skilað eftirtektarverðum árangri í endurvinnslu






**Engin skipulögð flokkun úrgangs en eitthvað flutt út af brotamálmi og skilagjaldsumbúðum**

**1991**

**34.100 tonn flokkuð til endurnýtingar og endurvinnslu**

**2000**

Íbúar höfuðborgarsvæðisins og SORPA hafa í sameiningu staðið að uppbyggingu farvegs sem horfir til framtíðar í endurnýtingu, endurvinnslu og förgun úrgangs. Árangur fyrstu tíu áranna lýsir eindregnum vilja íbúanna til ábyrgðar í umgengni við úrgang og er talsvert framar vonum. Eigendur SORPU, íbúar höfuðborgarsvæðisins, og starfsfólk hafa ástæðu til að gleðjast á þessum tímamótum og líta björtum augum til framtíðar.

10 ár FYRIR betra umhverfi 1991–2001

SORPA

www.sorpa.is

HÉR & NÚ / SÍA




# KROSSGÁTA



# VERÐLAUN KR. 6.000

Lausnin á krossgátunni í aprílblaðinu er svohljóðandi ljóðlínur úr kvæðinu „Íslandssæla“ eftir Eggert Ólafsson:

„Sólin rennur hýr í heiði
hverfur burtu þögn og leiði.“

Dregið var úr réttum lausnum og upp kom nafn Erlu Jónu Sigurðardóttur, sem hefur fengið verðlaunin. Myndin er af vinningshafanum eins og venjan er.

Gátunni, sem hér er til lausnar, fylgir sú vísbending, að lausnin sé ljóðlínur úr „Ásareiðinni“ eftir Grím Thomsen. Nú er allt sumarið til stefnu þar sem VR blaðið kemur að jafnaði ekki út sumarmánuðina júlí og ágúst. Þó er rétt að senda lausnir strax og þær eru tilbúnar, og verður tekið við þeim í allt sumar, eða til loka ágústmánaðar. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið. Utanáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

# Hvað ber að hafa hugfast við uppsögn

Framhald

að nýju. Ef hinsvegar gerður er tímabundinn ráðningarsamningur, t.d. í nokkra daga til viðbótar lögbundnum uppsagnarfresti, er slíkt talið heimilt því starfsmanni er í sjálfsvald sett hvort hann gerir slíkan samning eða ekki. Ef, aftur á móti, um lengri tíma er að ræða eða endurtekningu á tímabundnum ráðningarsamningi verður að líta svo á að stofnað hafi verið fast vinnusamband að nýju.

## Áhrif ólögmætrar uppsagnar

Uppsögn telst ólögmæt ef brotið er gegn lágmarksákvæðum í kjarasamningum eða ráðningarsamningi sem kveður á um betri rétt en kjarasamningur. Starfsmanni ber að mótmæla ólögmætri uppsögn þegar í stað og í mörgum tilfellum að gefa vinnuveitanda kost á að bæta úr ólögmæti uppsagnarinnar. Starfsmaður sem ekki fær leiðréttingu sinna mála getur gert kröfu um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar sem samsvarar launum í uppsagnarfresti. Starfsmaður á ekki kröfu á að fá sig dæmdan inn í starf sitt að nýju heldur á einungis bótarétt.

Ólögmæt uppsögn starfsmanns getur á sama hátt skapað honum bótaskyldu gagnvart atvinnurekanda. Bótaréttur atvinnurekanda er þó að öllu jöfnu ekki hærri en sem nemur helmingi af óunnum uppsagnarfresti starfsmannsins.

## Undantekningar frá ákvæðum um uppsagnarfrest

Í einstaka tilfellum er heimilt að víkja frá ákvæðum kjarasamninga um uppsagnarfrest. Ef t.a.m. aðilar vinnusambands gerast brotlegir er heimilt að slíta vinnusambandi að undangenginni aðvörun. Hér er átt við þau tilfelli þegar um ítrekaða vanrækslu er að ræða, t.d. óstundvísi eða fjarvistir starfsmanns eða vanrækslu vinnuveitanda á greiðslu launa. Undangengin aðvörun þarf að vera skrifleg eða sannanlega munnleg og kveða skýrt á um það að ef ekki verði bætt úr vanrækslu viðkomandi varði það fyrirvaralausa uppsögn.


**Flutningar eru okkar fag**

**Öryggi alla leið**

**Við leggjum áherslu á góða þjónustu og öryggi á flutningsleiðum okkar.**

- Pakkasendingar
- Vörusendingar
- Búslóðir
- Kæli-og frystisendingar
- Lítil bið !

**Suðurnes**
Reykjanesbær
Garður, Sangerði
Grindavík, Vogar

**Vesturland**
Akranes
Borgarnes, Borgarfj.

**Snæfellssnes**
Stykkishólmur
Grundafjörður
Ólafsvík, Hellisandur, Rif

**Vestfirðir**
Ísafjarðarbær
Bolungarvík, Súðav.
Suðureyri, Flateyri
Þingeyri

**Norðurland Vestra**
Hvammstangi
Sauðárkr., Varmahl.
Siglufjörður, Hofsós

**Norðurland Eystra**
Akureyri

**Austurland**
Egilsstaðir, Djúpivogur
Seyðisfj., Reyðarfj.
Eskifj., Fáskrúðsfj.
Stöðvarfj., Breiðdlsv.
Neskaupstaður

**Suðausturland**
Höfn í Hornafirði
Vík, Kirkjubæjarkl.

**Suðurland**
Vestmannaeyjar
Þorlákshöfn, Eyrarb.
Hveragerði, Selfoss
Hella, Hvolsvöllur




**Vöruafgreiðsla Aðalflutninga er opin:**
Mánudaga-fimmtudaga 8:00 - 17:00
föstudaga 8:00 - 16:00

Aðalflutningar hefur starfað síðan 1998.
Í byrjun var aðeins ekið á 4 leiðum en í dag er ekið til allra landshluta og helstu þéttbýlisstaða.

**Aðalflutningar**
Öryggi alla leið

Héðinsgötu 2 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3030 • www.af.is

Stafræna hugmyndasmiðjan

FAMILJEN DAFGÅRD express FAMILJEN DAFGÅRD express FAMILJEN DAFGÅRD express

**Bragðgóð nýjung á íslenskri tungu**

**Express hraðréttirnir frá Dafgård ljúffengir og hollir**




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - RYD 14561 05/2001

# VR blaðið

4. tbl. 23. árg. – júní 2001

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur




Sumarið er komið

Mynd: Pálmi Guðmundsson

## Fyrirtæki ársins 2001: TANDUR hf og IMG hf

## Miðopna: HEILDAREINKUNNIR FYRIRTÆKJA

## Af Evrópuvettvangi SKAÐABÆTUR VEGNA KYNJAMISMUNAR

## ATHYGLISVERÐ NÝ HEIMASÍÐA VR: www.vr.is

## Búðirnar í bænum: BRETARNIR VILDU BEIKON OG EGG

## UPPSÖGN VEGNA FJÖLSKYLDUÁBYRGÐAR:

# ÓLÖGLEG